

# BRIDGE



*Bikarinn  
Sagnspeki  
Hechtmótið  
Yokohama  
Sagnkeppni  
HM í Mónakó*

2 ♠ 2003

*Norður*

♠ Á  
♥ G982  
♦ D32  
♣ Á10832

*Vestur*

♠ 1092  
♥ 7654  
♦ 9  
♣ K9976

*Austur*

♠ D7  
♥ D103  
♦ ÁK910854  
♣ 4

*4 spaðar*

*Suður*

♠ K986543  
♥ ÁK  
♦ 76  
♣ D5

# Spil vesturs

**Spil 1** ♠ 8763  
A/NS ♥ ÁD3  
♦ ÁDG102  
♣ Á

**Spil 2** ♠ 8  
V/Allir ♥ Á108  
♦ G8  
♣ KDG10964

**Spil 3** ♠ D4  
A/AV ♥ 83  
♦ KG742  
♣ DG82

**Spil 4** ♠ 5  
A/NS ♥ DG6  
♦ KDG863  
♣ 642

**Spil 5** ♠ D76  
V/Enginn ♥ ÁG1084  
♦ Á876  
♣ 3

**Spil 6** ♠ Á1053  
V/Enginn ♥ Á742  
♦ Á1054  
♣ 6

**Spil 7** ♠ Á8743  
A/AV ♥ ÁD82  
♦ K5  
♣ G4

**Spil 8** ♠ K5  
A/AV ♥ K84  
♦ K863  
♣ 9642

**Spil 9** ♠ K5  
A/Enginn ♥ Á83  
♦ KD8743  
♣ K5

**Spil 10** ♠ K76542  
A/Allir ♥ G73  
♦ 8  
♣ D65

# LAUSN Á FORSIÐUÞRAUT

“Er með flott spil handa thér,” skrifar Maggi Magg frá Svíþjóð - í tölvupósti, auðvitað.

1. **NORÐUR**  
♠ Á  
♥ G982  
♦ D32  
♣ Á10832

**A/NS**

**VESTUR**  
♠ 1092  
♥ 7654  
♦ 9  
♣ KG976

**AUSTUR**  
♠ D7  
♥ D103  
♦ ÁKG10854  
♣ 4

**SUÐUR**  
♠ KG86543  
♥ ÁK  
♦ 76  
♣ D5

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUÐUR
-	-	1 ♦	1 ♠
Pass	1 G	2 ♦	4 ♠
Pass	Pass	Pass	

Vestur spilar út tígulniú. Austur tekur tvo slagi á tígul og spilar þeim þriðja. Hvernig á að spila?

Til að byrja með þarf að útiloka tvennt. Það þýðir ekki að henda laufi í þriðja tígulinn - þá kemur enn tígull í þrefalda eyðu, sem byggir upp slag fyrir vörnina á tromp. Og það gengur heldur ekki að stinga þriðja tígulinn smátt. Vestur mun yfirtrompa og spila blindum inn á trompás, en þá situr sagnhafi uppi með óhjákvæmilegan tapslag á lauf í lokin. Sem sagt: Það verður að trompa þriðja slaginn með gosa.

Lítum nú til vesturs. Ef hann hendir tveimur laufum í tígla (eða einu hjarta og einu laufi), getur sagnhafi frispilað hjartagosann: Hann tekur ♥ÁK, spilar spaða á ásinn og trompar hjarta. Spilar svo spaðakóng og spaða, og hendir síðar laufi í hjartagosann.

Vestur verður því að kasta tveimur hjörtum í tígla. Staðan er:

2. **NORÐUR**  
♠ Á  
♥ G982  
♦ -  
♣ Á10832

**VESTUR**  
♠ 1092  
♥ 76  
♦ -  
♣ KG976

**AUSTUR**  
♠ D7  
♥ D103  
♦ G854  
♣ 4

**SUÐUR**  
♠ K86543  
♥ ÁK  
♦ -  
♣ D5

Segjum að suður taki ÁK í hjarta, spili spaða á ásinn og trompi hjarta smátt. Vestur yfirtrompar og læsir sagnhafa inni í blindum með laufkóng!

Sem sagt: Ef vestur hendir tveimur hjörtum er engin leið að nýta hjartagosann. En það eru veikleikar í vörninni. Með því að henda hjörtunum lokar vestur hugslegri útgönguleið sinni í þeim lit. Og það nýtir sagnhafi sér þannig: Hann tekur spaðaás, fer heim á háhjarta, tekur spaðakóng og hinn hjartaslaginn. Sendir svo vestur inn á tromp í þessari stöðu ...

3. **NORÐUR**  
♠ -  
♥ G9  
♦ -  
♣ Á1083

**VESTUR**  
♠ 10  
♥ -  
♦ -  
♣ KG976

**AUSTUR**  
♠ -  
♥ D  
♦ G854  
♣ 4

**SUÐUR**  
♠ 8654  
♥ --  
♦ -  
♣ D5

... og bíður eftir úrslitaslagnum á laufdrottningu.

Það er alveg rétt hjá Magnúsi - spilið er flott.



## Forsíðan:

Stærri myndin er frá Yokohamamótinu, sem fjallað er um á bls. 16-19. Minni myndin er af feðgunum Jóni Sigurbjörnssyni og Birki Jóni Jónssyni. Þingmaðurinn ungi varð Íslandsmeistari í einmenningi í haust og það var síðasta embættisverk Jóns sem forseta BSÍ að afhenda syninum verðlaunin.

# BRIDGE

18. ÁRGANGUR, TÖLUBLAÐ 70

Ritstjóri og áb.m: Guðm. P. Arnarson  
Póstfang: Víghólastígur 6 - 200 Kópavogur  
Netfang: GPA@simnet.is  
Símar: 564-4247 og 898-5427

# BIKARKEPPNIN 2003

Sveit Guðmundar Sv. Hermannssonar, sem nú heitir Essosveitin, fylgdi forskriftinni frá því í fyrra og tapaði ekki leik í Bikarkeppninni. Og voru þó ýmsir tvísýnir og spennandi. Fram að úrslitum mætti sveitin yfirsetunni í fyrstu umferð, svo Símoni Símonarsyni, Streng og loks Subarusveitinni. Allir voru leikirnir í járnum, nema sá fyrsti gegn yfirsetunni, sem vannst auðveldlega.

Þær fjórar sveitir sem náðu inn í úrslitin voru þessar:

## Guðmundur Sv. Hermannsson

Guðmundur Sveinn, Helgi Jóhannsson, Ásmundur Pálsson, Björn Eysteinnsson og Guðmundur Páll Arnarson.

## Íslenskir aðlaverktakar (ÍAV)

Matthías Þorvaldsson, Sævar Þorbjörnsson, Anton Haraldsson, Sigurbjörn Haraldsson, Bjarni Einarsson og Þröstur Ingimarsson.

## Félagsþjónustan

Guðlaugur Sveinsson, Erlendur Jónsson, Sveinn Rúnar Eiríksson, Páll Bergsson, Jónas Pétur Erlingsson og Magnús Eiður Magnússon.

## Sparisjóður Sighufjarðar og Mýrasýslu

Birkir Jón Jónsson, Bogi Sigurbjörnsson, Jón Sigurbjörnsson, Ólafur Jónsson, Steinar Jónsson og Valur Sigurðsson.

Úrslitakeppnin var spiluð í húsakynnum BSÍ við Síðumúla helgina 27.-28. sept. Í undanúrslitum drógust saman sveitir Guðmundar (GSH) og Íslenskra aðlaverktaka (ÍAV) annars vegar, og sveitir Félagsþjónustunnar (FÞ) og Sparisjóðsins (SSM) hins vegar.

## Undanúrslit

Í undanúrslitum eru spiluð 48 spil í fjórum 12 spila lotum. Sveit Félagsþjónustunnar hafði tiltölulegan léttan sigur á Sparisjóðnum, en leikur Guðmundar og ÍAV var í meira jafnvægi.

	1	2	3	4	lok
FÞ	24	13	36	45	118
SSM	1	19	9	9	47

	1	2	3	4	lok
GSH	34	11	27	59	131
ÍAV	8	43	41	7	99

Nú er þess að geta að fram að úrslitahelginni höfðu aðeins fjórir spilarar tekið þátt í leikjum Félagsþjónustunnar, þeir Sveinn Rúnar, Erlendur, Guðlaugur og Páll. Með tilliti til vaxandi mótstöðu ákvaðu fjórmennningarnir að munstra tvo nýliða á dallinn, þá Jónas P. Erlingsson og Magnús Magnússon, sem var sjanghæjaður frá Svíþjóð til að standa vaktina



Bikarmeistarar, annað árið í röð. Frá vinstri: Ásmundur Pálsson, Guðmundur Sveinn Hermannsson, Guðmundur Páll Arnarson, Helgi Jóhannsson og Björn Eysteinnsson.

umrædda helgi. Reyndust nýliðarnir vinnufúsir og verðmætaskapandi í *impum* talið.

Sveit ÍAV leiddi með 20 stigum fyrir síðustu lotuna gegn Guðmundi og hafði komið “aftan að” því forskoti eftir slæma byrjun. Síðasta lotan reyndist Guðmundi og félögum hins vegar mjög happadrjúg og strax í fyrsta spili var tóninn gefinn:

NORÐUR		
♠ ÁD75		
♥ G102	A/Enginn	
♦ ÁK9		
♣ Á96		
VESTUR		AUSTUR
♠ G63		♠ 10842
♥ 9		♥ KD7643
♦ D87652		♦ 3
♣ D105		♣ 82
	SUÐUR	
	♠ K9	
	♥ Á85	
	♦ G104	
	♣ KG743	

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUÐUR
Anton	Guðm.	Sigurbjörn	Ásmundur
-	-	Pass	1 ♣
Pass	1 ♠	Pass	1 G
Pass	2 ♦ *	Pass	3 ♣
Pass	3 ♦	Pass	3 ♠
Pass	4 ♣	Pass	4 ♥
Pass	6 G	Allir pass	

Það er ekki djúpt tekið í árinna að kalla þessa slemmu harða. Anton hóf vörmina með tígulútspili, sem Ásmundur drap í borði með ás og tók strax laufás og svínaði laufgosa. Ekki gekk það og nú virtist fátt til bjargar.

En það er lengi von. Anton spilaði aftur tígli og Ásmundur hleypti því heim á tíuna. Þar með voru ellefu slagir komnir í hús. Ásmundur tók nú fríslagina á lauf og spilaði svo tígli á blindan í þessari stöðu:

NORÐUR		
♠ ÁD75		
♥ G		
♦ K		
♣ -		
VESTUR		AUSTUR
♠ G63		♠ 10842
♥ 9		♥ KD
♦ D8		♦ -
♣ -		♣ -
	SUÐUR	
	♠ K9	
	♥ Á85	
	♦ G	
	♣ -	

Austur ræður ekkert við þrýstinginn og Sigurbjörn í austur kaus að henda hjarta-drottningu svo Ásmundur fékk 12. slaginn á hjartaáttu.

Bessi íhugaði gaumgæfilega þann möguleika að skamma makker fyrir að koma ekki út með hjarta, en áttaði sig svo á því á því að það hefði engu máli skipt. Þegar menn lenda í slíkum spilum í upphafi úrslitalotu er freistandi að hugsa: “Eigi má sköpum renna”.

**KM BYGG**  
Miðvangi 41  
220 Hafnarfirði  
555-1983 & 898-2684



## Úrslitaleikurinn

Úrslitaleikurinn er 64 spil í fjórum 16 spila lotum. Essosveitin náði strax undirtökunum í fyrstu lotu, en ekki endilega fyrir góða spilamennsku. Þetta var til dæmis tómt klúður:

<b>Spil 3</b>		NORÐUR	
	♠ K107		
	♥ D8	S/AV	
	♦ Á63		
	♣ Á10763		
VESTUR		AUSTUR	
♠ ÁD9		♠ G543	
♥ KG765		♥ Á2	
♦ 109854		♦ KDG2	
♣ -		♣ D84	
	SUÐUR		
	♠ 862		
	♥ 10943		
	♦ 7		
	♣ KG952		

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUÐUR
Guðm.	Jónas	Ásmundur	Magnús
-	-	-	Pass
1 ♥	Pass	1 ♠	Pass
2 ♦	Pass	3 ♣	Pass
3 ♠	Pass	4 ♦	Pass
4 ♥	Pass	Pass	Pass

Lesandinn mætti gjarnan setja sig í spor beggja aðila í sögnum. Vestur velur að vekja létt út á skiptinguna og eftir spaðasvar og tígulendursögn, kefur austur í geim með 3♣. Mér þótti mikilvægt að styðja spaðann með ÁDx frekar en melda tígulinn aftur, og Ásmundur tók svo undir tígulinn. Þrátt fyrir 10 punkta fannst mér slemma alls ekki fráleit og sagði 4♥ sem fyrirstöðusögn með tígul-slemmu í miðinu. Þarna skaust mér, því frá bæjardyrum Ásmundar gat ég átt skiptinguna 3-5-4-1 og góðan fimmlit í hjarta, og hann valdi því að spila 4♥.

Vörnin var miskunnarlaus. Jónas kom út með laufás, sem ég trompaði og spilaði tígli. Jónas drap og hamaraði á laufinu. Þessi helstýttingur endaði í fjórum niður: 400 í NS. Okkar menn kvittuðu þó þetta vonða spil, því á hinu borðinu spiluðu Sveinn Rúnar og Erlendur þrjú grönd í AV, líka fjóra niður!

Fimm tíglar standa á borðinu og því var þetta mikið högg fyrir AV-pörin. En augljóslega er spilið erfitt viðureignar. Eftir á að hyggja virðist þó ljóst að vestur eigi að hækka fjóra tígla í fimm, enda með 5-lit og lágmark í punktum. Enn ein sönnun þess að græðgin er dauðasynd.

<b>Spil 5</b>		NORÐUR	
	♠ 9543		
	♥ KD5	N/NS	
	♦ 62		
	♣ KD72		
VESTUR		AUSTUR	
♠ ÁKD		♠ 86	
♥ 9642		♥ ÁG1083	
♦ G5		♦ K84	
♣ 8653		♣ G104	
	SUÐUR		
	♠ G1072		
	♥ 7		
	♦ ÁD10973		
	♣ Á9		

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUÐUR
Guðm.	Jónas	Ásmundur	Magnús
-	Pass	Pass	1 ♦
Pass	1 ♠	Pass	3 ♠
Pass	4 ♠	Pass	Pass
Dobl	Pass	Pass	Pass

Horfandi á þrjá efstu í trompi hafði ég rökstuddan grun um að 4♠ ynnust a.m.k. ekki með yfirslag og leyfði mér að dobla. Undirrótin var þó ekki græðgi í þetta sinn: miklu frekar tilraun til að biðja makker um að hirða sinn slag strax ef hann ætti ás. En Ásmundur túlkaði doblið sem beiðni um tígulútspil og kom út með tígulfjarka.

Í fljótu bragði virðist sem útspilið gefi sagnhafa færi á vinningi, en svo er ekki. Efniviðurinn er einfaldlega of lítill og spilið ætti alltaf að leka einn niður.

En Jónas hafði áhyggjur af meiri skaða. Hann var fullviss um að doblið væri byggt á feittum tígli og stakk upp ÁS! Spilaði svo laufi þrisvar og henti hjarta úr borði. Hjartakóngur veiddi ásinn og síðan kom spaði úr borði. Ég átti slaginn og spilaði hjarta, sem Jónas tók heima með drottingu og spilaði tígli að blind-um. Og nú DÚKKAÐI Ásmundur!

Jónas lét tíuna og ég fékk á gosann. Allt var þetta fáránleikanum markað, en þegar upp var staðið hafði vörnin fengið 6 slagi og 800 fyrir spilið.

“Takk fyrir útspilið,” var það eina sem mér datt í hug að segja.

Á hinu borðinu spiluðu Helgi og Björn 2♠ og unnu þrjá: 14 impar til Essosveitarinnar, sem vann fyrstu lotuna 51-16.

Eitt athyglisverðasta spil leiksins kom upp í næstu lotu, þar sem spiluð voru fjögur hjörtu á báðum borðum:

<b>Spil 24</b>		NORÐUR	
	♠ Á104		
	♥ KG103	V/Enginn	
	♦ 106		
	♣ KD109		
VESTUR		AUSTUR	
♠ 5		♠ KDG92	
♥ D76		♥ 9	
♦ ÁDG9842		♦ 53	
♣ 32		♣ G8754	
	SUÐUR		
	♠ 8763		
	♥ Á8542		
	♦ K7		
	♣ Á6		

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUÐUR
Magnús	Guðm. Sv.	Jónas	Helgi
3 ♦	Dobl	Pass	4 ♦ *
Pass	4 ♥	Pass	Pass
Pass			

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUÐUR
Guðm. P.	Sveinn	Ásmundur	Erlendur
3 ♦	Dobl	Pass	4 ♥
Pass	Pass	Pass	

Guðmundur Hermannsson fékk það erfða verkefni að spila geimið í norður. Út kom tígull í gegnum kónginn og Magnús skipti yfir í einspilið í spaða eftir að hafa tekið tvo tígulslagi. Guðmundur drap með ás og tók svo tvo efstu í trompi, en ekki kom drotningin.

Útlitið var dökkt, en Guðmundur sá ljós í myrkrinu. Austur átti greinilega aðeins þrjú svört spil og Guðmundur spilaði næst lauftíu og svínaði fyrir gosann. Það heppnaðist. Þá kom lauf á ásinn og hjarta til austurs. Magnús átti ekkert eftir nema tígul og varð að spila út í tvöfalda eyðu. Guðmundur trompaði heima og henti spaða úr borði, og síðan tveimur spöðum í viðbót í KD í laufi: tíu slagir.



Silfursveit  
Félagsþjónustunnar.  
Frá vinstri:  
Sveinn Rúnar Eiríksson,  
Guðlaugur Sveinsson,  
Jónas P. Erlingsson,  
Erlendur Jónsson  
og Magnús Eiður  
Magnússon.



Á hinu borðinu varð suður sagnhafi og Erlendur fékk út einspilið í spaða. Hann drap með ás, tók hjartakóng og spilaði svo hjartaþristi úr borði. Og þar með spilið tapað. Erlendur gerði sitt besta í framhaldinu með því að taka ás og kóng í laufi og senda vestur svo inn á tromp. Hann fékk slag á tígulkóng, en komst ekki hjá því að gera tvo slagi á spaða í lokin.

Essosveitin jók forystuna um 23 impa í annarri lotu og leiddi með 60 impum (102-42) þegar þriðja lotan hófst. Þar dró ýmislegt til tíðinda og voru meðal annars tvær alslemmur í boði:

<b>Spil 40</b>		NORÐUR	
		♠ Á5	
		♥ G972	V/Enginn
		♦ 9752	
		♣ K74	
VESTUR		AUSTUR	
♠ K876		♠ D10943	
♥ 106		♥ -	
♦ Á83		♦ KDG1064	
♣ 10852		♣ 93	
	SUÐUR		
	♠ G2		
	♥ ÁKD8543		
	♦ -		
	♣ ÁDG6		

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUÐUR
Jónas	Ásmundur	Magnús	Guðm.
Pass	Pass	2 ♦ <sup>1</sup>	Dobl
3 ♦	3 ♥	3 ♠	4 G
5 ♠	Pass <sup>2</sup>	Pass	6 ♥
Pass	Pass	Pass	

(1) Veikir tveir í tígli. (2) Einn ás (DOPI).

Magnús fylgdi fordæmi Zia og vakti á veikum tveimur í tígli, þrátt fyrir 5-litinn í spaða. Hann kom spaðanum á framfæri í næsta hring, sem gat þó hæglega verið útspilsábending. Ég fann enga betri sögn en 4G og veðjaði á sex þegar þegar Ásmundur sýndi einn ás, en var tilbúinn í sjö yfir fórn. Hún kom ekki, því miður.

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUÐUR
Guðm. Sv.	Sveinn	Björn	Erlendur
Pass	Pass	1 ♠	4 ♥
4 ♠	5 ♥	5 ♠	6 ♥
Dobl	Pass	Pass	Pass

Eins og við sjáum síðar, á Erlendur oft verri spil fyrir stökki í fjögur hjörta, en þessi leið hans laðaði fram dobl hjá Guðmundi - enda með ás í ósögðum lit og kóng til vara eftir að makker hafði opnað!

Þrettán slagir voru auðteknir og Félagsþjónustan vann sér inn 9 impa.

Hin alslemman var enn þyngri í vöfum - svo þung, raunar, að það er full ástæða til að hrósa Jónasi og Magnúsi fyrir að ná sex:

<b>Spil 46</b>	NORÐUR	
	♠ D109862	
	♥ D986	A/Enginn
	♦ G4	
	♣ 5	

VESTUR		AUSTUR	
♠ ÁG7		♠ 5	
♥ -		♥ K72	
♦ ÁD10932		♦ K76	
♣ ÁKG9		♣ 1087632	

	SUÐUR	
	♠ K43	
	♥ ÁG10543	
	♦ 85	
	♣ D4	

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUÐUR
Jónas	Ásmundur	Magnús	Guðm.
-	-	Pass	2 ♥
Dobl	4 ♥	Pass	Pass
5 ♦	Pass	6 ♦	Pass
Pass	Pass		

Hækkun Magnúsar í sex tígla er verulega falleg sögn, því hann veit sem er að hjartakóngurinn er ónýtt spil, svo hækkunin er aðeins byggð á Kxx í tígli og einspílinu í spaða. Jónas tók auðvitað alla slagina og Félagsþjónustan vann sér inn 11 impa, því geim var spilað á hinu borðinu.

Þriðja lotan var í jafnvægi (40-39) og því hafði Essosveitin yfirburðastöðu þegar síðasta lotan hófst. En 16 spil er heil eilífð í bikarleik og Essosveitinni veitti svo sannarlega ekkert af forskotinu. Strax frá fyrsta spili lotunnar tóku stigin að streyma í dálk Féló...

<b>Spil 55</b>	NORÐUR	
	♠ G3	
	♥ Á853	S/Allir
	♦ ÁD865	
	♣ 102	

VESTUR		AUSTUR	
♠ K10642		♠ ÁD95	
♥ DG2		♥ -	
♦ -		♦ G10932	
♣ ÁD965		♣ K873	

	SUÐUR	
	♠ 87	
	♥ K109764	
	♦ K74	
	♣ G4	

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUÐUR
Guðm. P.	Sveinn	Ásmundur	Erlendur
-	-	-	2 ♥
2 ♠	4 ♥	4 ♠	Pass
Pass	Pass		

Spilið liggur upp í 13 slagi, en það er alltaf erfitt að segja slemmur þar sem hæstu spilinn vantar í tvo liti! Magnús og Jónas stóðust þó prófið:

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUÐUR
Magnús	Björn	Jónas	Helgi
-	-	-	2 ♦ *
2 ♠	3 ♥	4 ♥ *	5 ♥
6 ♠	Pass	Pass	Pass

Þetta voru 13 impar og Félagsþjónustan hafði lagað stöðuna um 37 stig í 6 fyrstu spilunum. En þar kom að súlan brotnaði:

<b>Spil 58</b>	NORÐUR	
	♠ Á5	
	♥ 2	A/Allir
	♦ KDG1093	
	♣ K1073	

VESTUR		AUSTUR	
♠ K2		♠ G76	
♥ KD108643		♥ G95	
♦ Á62		♦ 7	
♣ 8		♣ D96542	

	SUÐUR	
	♠ D109843	
	♥ Á7	
	♦ 854	
	♣ ÁG	

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUÐUR
Guðm. P.	Sveinn	Ásmundur	Erlendur
-	-	1 ♠	4 ♥
6 ♦	Pass	Pass	Pass

Sveinn Rúnar lagði of mikið á spilin og fór í vonlausa slemmu. Björn og Helgi fengu 500 í 5♥ dobluðum, svo heldur dró úr pressunni á bensinsveitina. En ...

<b>Spil 61</b>	NORÐUR	
	♠ K1052	
	♥ 4	N/Allir
	♦ KG973	
	♣ 532	

VESTUR		AUSTUR	
♠ G87643		♠ 9	
♥ Á2		♥ 10986	
♦ ÁD52		♦ 1086	
♣ 8		♣ ÁKG64	

	SUÐUR	
	♠ ÁD	
	♥ KDG753	
	♦ 4	
	♣ D1097	

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUÐUR
Guðm. P.	Sveinn	Ásmundur	Erlendur
-	Pass	Pass	4 ♥
4 ♠	Dobl	Allir pass	

...síðasta sveiflan lenti hjá Féló, þegar Erlendur átti minna fyrir stökki í 4♥ en stundum áður: 800 í AV og 14 impar.

lotur:	1	2	3	4	alls
Esso	51	51	40	13	155
Fþ	16	26	39	57	138



# TÍU SAGNÞRAUTIR

Á síðunni eru 10 erfiðar sagnþrautir, sem lesandinn ætti að reyna við sjálfur áður en lengra er lesið. Á næstu síðum eru svör og rök 15 spekinga og stíggjöf í samræmi við vilja þeirra. Grunnkerfið er Standard með 15-17 punktta grandu. Lesandinn er alltaf í suður. Góða skemmtun.

1. Austur gefur; allir á hættu.

SUBUR

♠ 973  
♥ ÁK3  
♦ K1052  
♣ D32

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUBUR
-	-	Pass	1 ♦
2 ♣	Dobl *	Pass	?

\* neikvætt

Hver er sögnin? \_\_\_\_\_

2. Vestur gefur; A/V á hættu.

SUBUR

♠ Á109543  
♥ D3  
♦ 6  
♣ G842

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUBUR
Pass	1 ♦	3 ♥	?

Hver er sögnin? \_\_\_\_\_

3. Norður gefur; enginn á hættu.

SUBUR

♠ ÁDG84  
♥ -  
♦ K6532  
♣ 1083

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUBUR
-	1 ♣	Pass	1 ♠
3 ♥	Pass	Pass	?

Hver er sögnin? \_\_\_\_\_

4. Austur gefur; allir á hættu.

SUBUR

♠ Á  
♥ Á983  
♦ Á874  
♣ 9842

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUBUR
-	-	1 ♦	Pass
1 ♠	Pass	2 ♠	?

Hver er sögnin? \_\_\_\_\_

5. Vestur gefur; enginn á hættu.

SUBUR

♠ 74  
♥ 5  
♦ ÁD8762  
♣ Á964

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUBUR
1 ♠	2 ♣	3 ♠	?

Hver er sögnin? \_\_\_\_\_

6. Norður gefur; allir á hættu.

SUBUR

♠ -  
♥ G2  
♦ ÁKG963  
♣ ÁKG107

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUBUR
-	Pass	2 ♦ *	?

\* Multi: veikir tveir í hálit

Hver er sögnin? \_\_\_\_\_

7. Austur gefur; enginn á hættu.

SUBUR

♠ 4  
♥ ÁD  
♦ ÁKD94  
♣ DG965

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUBUR
-	-	3 ♥	?

Hver er sögnin? \_\_\_\_\_

8. Norður gefur; enginn á hættu.

SUBUR

♠ 10643  
♥ KG10  
♦ ÁK753  
♣ 9

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUBUR
-	Pass	1 ♣	1 ♦
1 G	Pass	Pass	?

Hver er sögnin? \_\_\_\_\_

9. Norður gefur; A/V á hættu.

SUBUR

♠ ÁG1053  
♥ -  
♦ KG6  
♣ G7542

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUBUR
-	1 ♦	1 ♥	1 ♠
4 ♥	Pass	Pass	?

Hver er sögnin? \_\_\_\_\_

10. Vestur gefur; A/V á hættu.

SUBUR

♠ DG  
♥ ÁKD3  
♦ Á109873  
♣ 6

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUBUR
3 ♠	Pass	4 ♠	?

Hver er sögnin? \_\_\_\_\_

## Stíggjöfin:

Sú sögn sem flestir röldu fær 100 stig, en aðrar sagnir eru reiknaðar sem hlutfall af 100. Þetta er því eins konar "vinsældarkönnun", frekar en gæðakönnun og ber því ekki að harma slæman árangur. En góðum árangri ber auðvitað að fagna!



# SVÖR SPEKINGANNA

1. A/Allir

♠ 973 ♥ ÁK3 ♦ K1052 ♣ D32

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	1 ♦
2 ♣	Dobl	Pass	?

Spekingarnir buðu fram þrjár sagnir í stöðunni: 2G, 2♦ og 2♥. Allar hafa sagnirnar kosti og galla. 2G sýnir skiptinguna en spennir bogann hátt, og 2♦ og 2♥ gefa villandi mynd af skiptingunni.

**Snorri Karlsson:** 2G. Hér koma tvær sagnir til greina: 2♦ og 2G. Tveir tíglar er freistandi sögn, því makker fær þá tækifæri til að melda 2♥ eða 2♠ ef hann á þar fimmlit og þannig finnum við besta bótinn. Ef það er hins vegar styrkur í geim er örugglega betra að spila 3G í okkar hönd. Ég vel frekar 2G því það gefur meira af sér ef það heppnast.

**Bjarni H. Einarsson:** 2G. Melda eðlilega, segi ekki tvo í hálit á þrilit, auk þess sem gröndin eru örugglega betri í suður.

**Ísak Örn Sigurðsson:** 2G. Annað finnst mér ekki koma til greina. Makker veit að ég er með 12-14 jafnskipta hönd, en ekki endilega styrkan stöðvara í laufi. Aðrar sagnir myndu gefa til kynna ójafna hönd.

**Ragnar Magnússon:** 2G. 12-14 og "stopp" í laufi. Hin lygin er að segja 2♦, en makker getur auðveldlega átt 4423 og passað.

**Aron Þorfinnsson:** 2♦. Mér finnst að 2G væri jöfn hönd sem hefði tekið áskorun í ótruflaðri seríu. Makker á vera duglegur í stöðunni og þarf að dbla, jafnvel á frekar lítið.

**Ásmundur Pálsson:** 2♦. Lágmark, neitar hálit og sýnir 4+ tígla.

**Ómar Olgeirsson:** 2♦. Allir kostir slæmir. Vil ekki segja 2♥/♠ á þrilit, því það er hætta á að makker ofmetnist. Ef makker á 5-4 í hálitunum finnum við besta fittið eftir 2♦.

**Runólfur Þ. Jónsson:** 2♦. Allar sagnir vöndar. Makker getur sagt 2♥/♠ með veik spil og langan hálit.

**Hrannar Erlingsson:** 2♥. Illskást. 2G væri yfirmelding og það er fátt annað sem kemur til greina.

**Gylfi Baldursson:** 2♥. Skást. Vil helst ekki sjá 180 eða 380 hjá mótherjunum.

**Þorlákur Jónsson:** 2♥. Tvö grönd lýsir auðvitað skiptingunni best, en það hljómar sem sterkari hönd. Tvö hjörtu heldur þeim möguleika opnum að spila 2♥ eða 2♠ á sæmilegt fitt. Annars ágætis dæmi um að rétt sé að passa í upphafi með 12 flata punkta.

1. NORÐUR  
♠ ÁG8  
♥ D862 A/Allir  
♦ Á843  
♣ 108

VESTUR  
♠ D64  
♥ 1097  
♦ G7  
♣ ÁKG94

AUSTUR  
♠ K1052  
♥ G54  
♦ D96  
♣ 765

SUÐUR  
♠ 973  
♥ ÁK3  
♦ K1052  
♣ D32

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	1 ♦
2 ♣	Dobl	Pass	2 ♥
Pass	3 ♥	Allir pass	

Spilið er frá Íslandsmótinu í tvímenningi og þar valdi suður að segja 2♥. Norður hækkaði í 3♥, sem fóru einn niður. Þrjú tíglar vinnast, en hámarkið í grandri eru sjö slagir. Tvö lauf leka einn niður, svo það hefði gefið vel að passa niður ddblið í þetta sinn.

En auðvitað er fráleitt að draga ályktanir af einu spili. Köllum á vettvang Umboðsmann Bridesblaðsins, og heyrum álit hans á stöðunni:

**Umbri:** Hvernig spil getur norður átt fyrir neikvæðu ddbli í þessari stöðu? Samkvæmt mínum skilningi á makker annað hvort 11+ og jafna skiptingu eða 7-10 og skiptingarspil. Veiku hendurnar gætu lítið þannig út:

- ♠KDxx ♥Dxxxx ♦Gx ♣xx
- ♠ÁDxxxx ♥Dx ♦xx ♣xxx
- ♠Dx ♥DGxxx ♦Áxxx ♣xx

Ef ætlast er til að makker ddbli á slíkar hendur er ekki hægt að bjóða honum upp á 2G á flata 12 punkta. Það verður að vera meira innihald í þeirri sögn, 14 punktar eða mjög góðir 13. En þar með er ég ekki að leggja blessun mína yfir 2♦, því makker myndi passa þá sögn glaður með spilin í dæmi (a). Pass er ennfremur fráleitt, því við vitum allt of lítið um spil norðurs til að taka svo einhliða ákvörðun. Böndin berast því að 2♥ sem skástu sögn, en makker verður þá að vera vakandi fyrir möguleika að það sé neyðarsögn með undirmálsopnun.

*Stig*

2G=100, 2♦=71, 2♥=42, Pass=20

2. V/AV

♠ Á109543 ♥ D3 ♦ 6 ♣ G842

Vestur	Norður	Austur	Suður
Pass	1 ♦	3 ♥	?

Hér er aftur um þrjá kosti að ræða, Pass, 3♠ eða Dobl.

**Hrannar Erlingsson:** Pass. Vildi gjarnan segja 3♠, en þetta er einfaldlega of lítið. Segi 4♠ í næsta hring ef ég fæ tækifæri til og sagnir taka ekki einhverja óvænta stefnu.

**Bjarni H. Einarsson:** Pass. En stutt í 3♠. Held þó að það standi oftast ekkert í spilinu, en ef við eigum geim, fáum við líklega 2-300 í 3♥.

**Ísak Örn Sigurðsson:** Pass. 3♠ er of grimmt sögn, þar sem hjartadrotningin er væntanlega verðlaus. Ef makker ddblar, segi ég 4♠.

**Ómar Olgeirsson:** Pass. Ef makker á enga sögn við 3♥ eigum við tæplega geim.

**Þorlákur Jónsson:** 3♠. Virðist geta verið spurning um hvort við spilum geim eða leyfum þeim að spila 3♥. Fjórir spaðar er líklegasta geimið okkar og því eðlilegt að reyna strax við það.

**Aron Þorfinnsson:** Dobl. Neikvætt og lofar einhverju í hinum litunum, ekki satt! Tek út úr 3G í 4♠. Makker getur átt erfitt með að átta sig á sjötta spaðanum, en á hinn bóginn ofmetur hann ekki styrkinn. Nú, ef hann passar ddblið, þá eigum við einspil í tigli og ás.

2. NORÐUR  
♠ 6  
♥ G4 V/AV  
♦ KDG954  
♣ ÁKD6

VESTUR  
♠ K872  
♥ Á10  
♦ 10872  
♣ 1097

AUSTUR  
♠ DG  
♥ K987652  
♦ Á3  
♣ 53

SUÐUR  
♠ Á109543  
♥ D3  
♦ 6  
♣ G842

Vestur	Norður	Austur	Suður
Pass	1 ♦	3 ♥	Dobl *
Pass	5 ♣	Pass	Pass
Dobl	Allir pass		

Aftur Íslandsmótið í tvímenningi og það er óhætt taka að ofan fyrir hinn kjörkuðu hindrun austurs. Við borðið kaus suður að dbla neikvætt og norður stökk í 5♣, sem auðvitað fóru einn niður.

**Umbri:** Ég gæti sætt mig við 3♠ ef rauðu litunum er snúið við - Dx í tigli og einspil í hjarta. En þetta er allt í senn: of lítið í punktum, of hættulegt (3G eða 4♦ frá makker) og of mikil varnarspil. Pass hlýtur að vera rétt og svo *afur* við 4♦ (eða 4♣) hjá makker.

*Stig*

Pass=100, 3♠=44, Dobl=22

### 3. N/Enginn

♠ ÁDG84 ♥ - ♦ K6532 ♣ 1083

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♣	Pass	1 ♠
3 ♥	Pass	Pass	?

Þetta er enn eitt dæmið frá Íslandsmótinu í tvímenningi. Kostirnir eru þrír sem fyrr: Dobl, 4♦ og 3♠.

**Snorri Karlsson:** Dobl. Heldur öllum möguleikum opnum og ef makker passar býst ég við að fá góða tölu.

**Bjarni H. Einarsson:** Dobl. Breyti síðan 3G í 4♠, sem er sennilega besta geimið ef makker er jafnskiptur; hann hefði setið í 3♥ dobluðum með mikinn hjartastyrk og stuttan spaða. Auk þess getur hann breytt 4♠ í 5♣ með laufflit.

**Þorlákur Jónsson:** Dobl. Líklegast að makker sitji, og við erum, held ég, ekkert ósáttir með það. Ef makker tekur út er framhaldið auðvelt (passa 3G).

**Ómar Olgeirsson:** Dobl. Er almennt ekki hrifinn af doblu með eyðu, en list ekkert alltof vel á aðra möguleika hér.

**Ísak Örn Sigurðsson:** 4♦. Vil ekki spila vörnina í 3♥ dobluðum.

**Gylfi Baldursson:** 4♦. Við getum átt slemmu í spaða eða tígli.

**Guðm. Sv. Hermannsson:** 3♠. Vil helst ekki dobla og hætta á að makker passi.

**Hrannar Erlingsson:** 3♠. Praktískasta sögnin. Heldur möguleikanum á 3G opnum og er að auki ekki krafa. Spaðaliturinn er nógu góður til að endursegja hann. Hættan við 4♦ er að fara upp fyrir eina vinnanlega geimið, þó svo að auðvitað geti tígulslemma verið upp í loft á móti réttu spilunum. Doblið kemur ekki til greina í þessari stöðu með eyðu.

3.	NORÐUR	
	♠ K2	
	♥ 1065	N/Enginn
	♦ ÁG8	
	♣ Á9752	

VESTUR	AUSTUR
♠ 965	♠ 1073
♥ ÁKG7432	♥ D98
♦ D9	♦ 1074
♣ D	♣ KG64

SUÐUR
♠ ÁDG84
♥ -
♦ K6532
♣ 1083

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♣	Pass	1 ♠
3 ♥	Pass	Pass	Dobl
Pass	4 ♣	Pass	5 ♣
Pass	Pass	Dobl	Allir pass

Fimm lauf fóru einn niður, en 11 slagir eru á borðinu í spöðum og tíglum.

**Umbri:** Ég hef aldrei skilið rökin fyrir því að ekki megi dobla til úttektar með eyðu í lit mótherjanna og meðan svo er dobla ég á svona spil. En það er ofmælt að allur vandi sé þar með úr sögunni. Þorlákur vill til dæmis passa svar makkers á 3G, en Bjarni hyggst breyta í 4♠. Sem hljómar svolítið eins og ágiskun. Og hvað á að gera við 4♣? En samt - dobluð er best. Helsta hættan við 3♠ er að makker passi með einspil í spaða, til dæmis eitthvað þessu líkt:

♠x ♥Gxx ♦ÁDx ♣ÁG9xxx

Hann býst við sexlit í spaða og fer ekki að "bæta bütinn" með 4♣. Hvað 4♦ varðar getur tilgangurinn varla verið sá að finna samlegu þar. Makker opnar á 1♦ með 4-4 í láglitum, og líka með 4-5 og lágmark. Og hvernig á makker að bregðast við 4♦ með:

♠x ♥KDxx ♦xxx ♣ÁKGxx

EKKI segir hann 3G, svo mikið er víst.

*Stig*

Dobl=100, 4♦=30, 3♠=20

### 4. A/Allir

♠ Á ♥ Á983 ♦ Á874 ♣ 9842

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	1 ♦	Pass
1 ♠	Pass	2 ♠	?

Er ástæða til að blanda sér í sér í baráttuna með doblu, eða er það leikur að eldinum sem gæti endað illa? Dobl eða pass?

**Snorri Karlsson:** Dobl. Vissulega áhætta, því vestur gæti redoblað með slefið í munnvikunum og náð okkur 800 niður. En það gæti líka verið makker sem kjammsar á doblinu. Líklegast er þó að við náum bütum okkar (eða geiminu).

**Ragnar Magnússon:** Dobl. Gætum fengið +500 eða fundið fitt. Aldrei að láta melda sig út úr spílinu.

**Bjarni H. Einarsson:** Dobl. Of snemmt að gefast upp strax; við eigum fitt einhvers staðar.

**Guðm. Sv. Hermannsson:** Dobl. Tek áhættuna úr því ég passaði fyrst þó að ég eigi "bara" þrjá ása.

**Sævar Þorbjörnsson:** Pass. Á að berjast eða verjast? Það þýðir ekki að vera alltaf í svartsýnskasti; jú annars, það er ekki glóra í því að gefa andstæðingunum færi á 500-800 fyrir büt. Ég passa. Sögnum er heldur ekki lokið.

**Þorlákur Jónsson:** Pass. Tel líklegra að fá töluna í vörn en sókn.

**Aron Þorfinnsson:** Pass. Sögnum er ekki lokið.

**Ásmundur Pálsson:** Pass. Ég hef misst af einhverju aður.

**Þróstur Ingimarsson:** Pass. Eina leiðin inn í sagnir var 1♥ strax við 1♦.

**Hrannar Erlingsson:** Pass. Það er engin sérstök ástæða til að ætla að AV séu hættir, né heldur að við eigum nokkurn samning á þriðja sagnstigi ef svo er. Myndi þó ekki passa í verndarstöðunni.

4.	NORÐUR	
	♠ DG84	
	♥ G76	A/Allir
	♦ D95	
	♣ 1073	

VESTUR	AUSTUR
♠ K1076	♠ 9532
♥ 102	♥ KD54
♦ 1062	♦ KG3
♣ KDG6	♣ Á5

SUÐUR
♠ Á
♥ Á983
♦ Á874
♣ 9842

Vestur	Norður	Austur	Suður
Lai	Beck	Ng	Pahk
-	-	1 ♦	Pass
1 ♠	Pass	2 ♠	Dobl
RD	Pass	Pass	2 G
Pass	Pass	Dobl	3 ♣
Dobl	Allir pass		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Yuan	Leong	Glickman	Wong
-	-	1 ♦	1 ♥
Dobl *	2 ♥	2 ♠	Allir pass

Nú erum við stödd á HM ungmenna, sem fram fór í París í ágúst síðastliðnum. Sagnraðirnir að ofan eru úr leik Kína og Bandaríkjanna og það voru Kínverjarnir sem náðu sér í feitan bita í 3♣ dobluðum. Ritarar mótsblaðsins voru ekki hrifnir af innákomu Kínverjans Wong á einu hjarta með suðurspilin, en útkoman talar sínu máli.

**Umbri:** Mín fyrsta tilfinning er sú að ásinn í spaða sé á skökkum stað og að eitthvað vanti upp á millispilin til að gera dobl fýsilegt. Gjafaforrit eins og Dealmaster eru hjálpleg í svona spilum. Það sýndi sig að líkur á því að finna ekki fitt við makker í hjarta eða laufi eru ekki mjög miklar, um það bil 10%, en það er fyrst og fremst í þeim spilum sem NS lenda í vondum málum. Sú staðreynd mælir með því að berjast í verndarstöðunni. En hér á makker eftir að segja. Og því skyldi hann þegja á spil eins og:

♠Dxxx ♥KGxxx ♦Kx ♣xx

♠Dxx ♥xxx ♦Kx ♣KDxxx

♠xxx ♥KDxx ♦xx ♣DG10x

Látum hann taka áhættuna og líka skömminna ef hann skortir kjarkinn.

*Stig*

Dobl=100, Pass=100, 2G=14





**Umbri:** Mér finnst áætlun Snorra freistandi - að segja 4G með því hugarfari að lyfta í sex og stela hugsanlega slemmu. Hitt þykir mér metnaðarlausast að segja 4G og passa svo val makkers. Þá er betra að dbla og rannsaka spilið í rólegheitum, enda á hvort eð er ekki að spila neitt minna en geim. Ég hef litla sem enga samúð með 3♦, sem hæglega gæti orðið síðasta sögnin. Passið hans Gylfa er hins vegar skemmtilegt, enda er oft ágætt að bregða sé í pókerinn með slík spil. Og svo eru það 4♦ - hvað ætti sú sögn að þýða? Það má ræða það við makker. En ef það er ekki hindrun, er hugmynd að nota bæði 4♣ og 4♦ fyrir láglitina - kannski mismunandi sterk spil. Ég er stúfúllur af hugmyndum!

*Stíg*

4G=100, Dobl=57, 3♦=28, 4♦=14, Pass=14

7. A/Enginn

♠ 4 ♥ ÁD ♦ ÁKD94 ♣ DG965

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	3 ♥	?

Aftur eru láglita-4G í umræðunni. Hinn möguleikinn er 3G til að taka níu slagi!

**Aron Þorfinnsson:** 4G. Fimm í láglit standa í flestum tilvikum sem 3G vinnast, en er gráðunni betri samningur.

**Ísak Örn Sigurðsson:** 4G. Láglitir og sterkt. Mér finnst 3G ekki koma til greina þó að það gæti heppnast. Góðar líkur á slemmu í láglit og held öllu opnu með 4G.

**Ragnar Magnússon:** 4G. Láglitir. 3G er tví-menningsgambl. Við þurfum mjög lítið frá makker til að vinna 5 eða jafnvel 6 í láglit.

**Bjarni H. Einarsson:** 4G. Passa svo 5♦, en lyfti kannski 5♣ í sex.

**Snorri Karlsson:** Þrjú grónd geta farið niður þegar 6♣ standa. Ég segi því frekar 4G og makker fær tækifæri til að melda sex með fitt og tvö lykilspil.

**Hrannar Erlingsson:** 3G. Líklegasta geimið.

**Gylfi Baldursson:** 3G. Lokaði fyrst augunum og bað bæn.

**Sævar Þorbjörnsson:** 3G. Gott væri að geta dblað fyrst og sýnt svo láglitina með 4G við líklegum 4♠ makkers. En ég er hræddur (viss) um að makker tæki 4G þar sem RKC. Því stendur valið milli þess að segja 3G eða 4G. Ég beitti hundalógik: Það er ekki lítið jafn alvarlegum augum að tapa 3G þegar fimm í láglit vinnast, eins og að fara niður á láglitageimi þegar 3G standa!

BRIDGE.IS  
bridgebúðin

7. NORÐUR  
♠ ÁD872  
♥ K87  
♦ G5  
♣ K43

VESTUR  
♠ KG1095  
♥ 9  
♦ 8763  
♣ 1087

AUSTUR  
♠ 63  
♥ G1065432  
♦ 102  
♣ Á2

SUÐUR  
♠ 4  
♥ ÁD  
♦ ÁKD94  
♣ DG965

Í hinum undanúrslitaleik ungamennanna í París mættust Danir og Pólverjar. Danir unnu, en hér höfðu Pólverjar betur:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Henriksen	Buras	Marquardsen	Lutostanski
-	-	3 ♥	3 G
Pass	4 G	Pass	5 ♥
Pass	6 G	Allir pass	

Vestur	Norður	Austur	Suður
Kotorowicz	Schaltz	Kotorowicz	Gjaldbaek
-	-	3 ♥	4 G
Pass	5 ♣	Allir pass	

**Umbri:** Það er út af fyrir sig athyglisvert að slemman skyldi nást eftir 3G en ekki 4G. En það væri varasamt að daga of miklar ályktanir af þessu eina spili. Hitt er mun líklegra að norður finni slemmu eftir 4G, en þá þarf styrkurinn á 4G að vera vel skilgreindur. Duga tvö lykilspil og fitt á móti í slemmu, eða gæti norður búist við einhverju þessu líku:

♠x ♥x ♦KDxxx ♣ÁDxxx

Magir myndu vafalaust segja 4G með þessu spil, en kannski er betra að biða og segja 4G síðar við líklegri hækku í 4♥. Alla vega verður að skilgreina styrkinn á 4G nokkuð rækilega og þá fyrst og fremst út frá sjónarhóli svarhandar. Hvað er nóg í slemmu og hvað ekki?

*Stíg*

4G=100, 3G=67

8. N/Enginn

♠ 10643 ♥ KG10 ♦ ÁK753 ♣ 9

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	Pass	1 ♣	1 ♦
1 G	Pass	Pass	?

Kannski snýst þetta spil fyrst og fremst um baráttuviljann.

**Guðm. Sv. Hermannsson:** Pass. Ég hef grun um að ritstjórinn sé að leggja persónuleikapróf fyrir okkur í stað bridsprófs. Ég hlýt þá að vera kvíga, því ég finn enga góða ástæðu til að segja neitt annað en pass.

**Gylfi Baldursson:** Pass. Gunga.

**Bjarni H. Einarsson:** Pass. Á enga aðra sögn, dobið lofar góðum spilum. Hefði frekar dblað 1♣ í byrjun.

**Þorlákur Jónsson:** Pass. Skil ekki að nokkrum heilbrigðum manni detti í hug að melda hér.

**Ragnar Magnússon:** Pass. Hvað annað!? Ég held að vandamálið (ef eitthvert er) liggi hinum megin. Doblið þar væru hálitir, 2♣ góð hækku í tigli og 2♦ venjuleg hækku. Makker meldaði ekkert af þessu og þar með er málinu lokið.

**Ísak Örn Sigurðsson:** Pass. Ekki alveg nógu góð spil til að dbla og gefa út 180 eða 280, því makker er nú ekkert alltaf að taka út í tvo í hálit.

**Snorri Karlsson:** 2♣. Sagnir hafa verið upp-lýsandi og margt vitað um spilið. Andstæðingarnir eiga 19-24 punkta á milli sín. Líklegt er að þeir eigi a.m.k. 8-spila fitt í laufi. Að því gefnu eigum við fitt í hálit (makker segir alltaf 2♦ með þrílit). Ég melda 2♣ og fæ makker til að segja sinn besta lit. Þetta er ekki hættulaust, því makker gæti átt 3325 eða 3424 og þá gætum við verið í vondum málum. En ég tel það áhættunnar virði, því það eru miklu fleiri hendur þar sem 2-3 í hálit vinnast.

**Hrannar Erlingsson:** 2♣. Hlýtur að vera úttekt í þessari stöðu, en gæti líka verið besti samningurinn ef makker á 3316. Langar til að segja pass, en finnst það heldur slápt. Myndi sennilega passa á hættunni.

**Ásmundur Pálsson:** 2♣. Kreista makker.

**Sævar Þorbjörnsson:** Dobl. Úttekt á lauf. En gæti þó leitt til þess að andstæðingarnir spili 3♣, sem reynist betri samningur en 1G.

8. NORÐUR  
♠ ÁDG8  
♥ 8742  
♦ 8  
♣ 10862

VESTUR  
♠ 92  
♥ D93  
♦ G1062  
♣ ÁD73

AUSTUR  
♠ K75  
♥ Á65  
♦ D94  
♣ KG54

SUÐUR  
♠ 10643  
♥ KG10  
♦ ÁK753  
♣ 9

Þetta spil er frá úrslitaleik Ísraela og Frakka í opnu sveitakeppninni í Menton:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Chemla	D. Yadlin	Cronier	I. Yadlin
-	Pass	1 ♣	1 ♦
1 G	Pass	Pass	2 ♣
Pass	PASS	Pass	

Vestur	Norður	Austur	Suður
I. Herbst	Abecassis	O. Herbst	Soulet
-	Pass	1 ♣	1 ♦
1 G	Pass	Pass	Dobl
Pass	2 ♣	Pass	2 ♠
Pass	Pass	Pass	

**Umbri:** Mér þykir augljóst að 2♣ séu til úttekta-  
rar, því AV eiga ekki færri en 6 lauf sín á milli.  
Af því leiðir að doblíð myndi sýna sterkari spil  
og meiri varnarvilja, en ekki endilega móttöku  
við báða hálitina. Ég myndi dubla með:

♠Kxx ♥Áxx ♦ÁK109x ♣xx

Og vil þá alls ekki að makker meldi tvo í hálit  
á lasburða fjórlit. Hann yrði að þreifa sig áfram  
af meiri varfærni.

*Stig*

Pass=100, 2♣=30, Dobl=20

9. N/AV

♠ ÁG1053 ♥ - ♦ KG6 ♣ G7542

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♦	1 ♥	1 ♠
4 ♥	Pass	Pass	?

Eitthvað verður að gera, svo mikið er  
víst. Möguleikarnir virðast vera: Dobl,  
4G og 4♠, jafnvel 5♦.

**Snorri Karlsson:** Dobl. Eina vitræna sögnin sem  
heldur öllum möguleikum opnum.

**Hrannar Erlingsson:** Dobl. Almennt er mér ekki  
vel við að dubla með eyðu, en eftir því sem ofar  
dregur minnkar svigrúmið. Allar aðrar sagnir  
væru skot út í bláinn.

**Sævar Þorbjörnsson:** Dobl. "Makker, vinsam-  
legast meldaðu."

**Runólfur Þ. Jónsson:** Dobl. Gef makker séns  
með gott hjarta.

**Ragnar Magnússon:** Dobl. 4G er full frekjuleg  
sögn - leyfum makker að vera með.

**Ásmundur Pálsson:** 4G. Lauf með tígulívafi.

**Ísak Örn Sigurðsson:** 4G. Makker ætti að lesa  
það sem laufflit með stuðning við tígulinn.

**Ómar Olgeirsson:** 4G. Lauf og tígulstuðningur.  
Gallinn við doblíð er að makker situr oft með  
jafna skiptingu þótt hann eigi ekki marga slagi  
á hjarta.

9.

NORÐUR

♠ 96  
♥ Á8  
♦ ÁD9853  
♣ K86

N/AV

VESTUR

♠ D7  
♥ D109642  
♦ 742  
♣ Á9

AUSTUR

♠ K842  
♥ KG753  
♦ 10  
♣ D103

SUÐUR

♠ ÁG1053  
♥ -  
♦ KG6  
♣ G7542

Spilið er frá úrslitaleik Bandaríkjamanna  
og Svía í "blönduðu" sveitakeppninni  
(mixed) í Menton:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Midskog	D. Rosenb.	Magnús	M. Rosenb.
-	1 ♦	1 ♥	1 ♠
4 ♥	Pass	Pass	4 G
Pass	5 ♦	Allir pass	

Vestur	Norður	Austur	Suður
H. Welland	K. Berteau	R. Levin	Nyström
-	1 ♦	1 ♥	1 ♠
4 ♥	Pass	Pass	4 ♠ ///

Fjórir spaðar fóru niður á styttingi, en 5♦  
unnust þar eð ekki kom út lauf. Fjögur  
hjörtu fara einn niður.

**Umbri:** Myndi makker segja 5♣ við doblí með:

♠Dx ♥Gxx ♦ÁDxx ♣Áxxx

Kannski ætti hann að gera það, en *mun* hann  
gera það?

*Stig*

Dobl=100, 4G=40, 4♠=10

10. V/AV

♠ DG ♥ ÁKD3 ♦ Á109873 ♣ 6

Vestur	Norður	Austur	Suður
3 ♠	Pass	4 ♠	?

Á að blása til sóknar með 5♦ ellegar 4G,  
eða stíla inn á vörn með doblí eða passi?

**Ragnar Magnússon:** Dobl. Of mikil vörn til að  
taka einhliða ákvörðun með 4G.

**Ísak Örn Sigurðsson:** 4G. Úttekt í tvo lit. Það  
verður að hafa það þótt skiptingin sé 6-4, enda  
hjartað sterkt.

**Snorri Karlsson:** 4G. Að mínu mati verður að  
taka af skarið. Við getum átt geim eða góða förn  
yfir 4♠ sem standa líklega. Valið stendur þá á  
milli 4G og 5♦. Fimm tíglar eru sennilega betri  
en 5♥ þegar makker á 2-3 tíglar og 4 hjörtu, því  
laufsókn gæti farið illa með okkur í 4-4 fittinu.  
Ég segi samt 4G því mig langar ekki að útskýra  
-1100 í 5♦ dobluðum þegar makker á sexlit í  
hjarta og einspil í tígli.

**Ásmundur Pálsson:** 5♦. Með 6-4 verður að  
melda sexlitinn.

10.

NORÐUR

♠ 96  
♥ G109  
♦ KD4  
♣ 87432

V/AV

VESTUR

♠ ÁK105432  
♥ 5  
♦ G52  
♣ G10

AUSTUR

♠ 87  
♥ 87642  
♦ 6  
♣ ÁKD95

SUÐUR

♠ DG  
♥ ÁKD3  
♦ Á109873  
♣ 6

Frá Rómarmótinu í október, þar sem átta  
þjóðir spiluðu "vináttuleiki". Svona var  
þetta á þremur borðum af fjórum:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bertheu	Lauria	Nyström	Versace
3 ♠	Pass	4 ♠	Dobl ///

**Umbri:** Hva' - ekkert pláss fyrir mig! Það er  
bættur skaðinn, gerði ég ráð fyrir.

*Stig*

Dobl=100, 5♦=50, 4G=38

Keppendur / Spil nr.	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Stig
Aron Njáll Þorfinnsson	2 ♦	Dobl	Dobl	Pass	4 ♦	Dobl	4 G	Dobl	4 G	Dobl	710
Ásmundur Pálsson	2 ♦	Pass	Dobl	Pass	5 ♣	4 G	4 G	2 ♣	4 G	5 ♦	766
Bjarni H. Einarsson	2 G	Pass	Dobl	Dobl	4 ♦	4 G	4 G	Pass	Dobl	5 ♦	950
Guðm. Sv. Hermannsson	2 G	3 ♠	3 ♠	Dobl	4 ♦	Dobl	3 G	Pass	Dobl	4 G	726
Gylfi Baldursson	2 ♥	3 ♠	4 ♦	2 G	5 ♣	Pass	3 G	Pass	4 ♠	Dobl	496
Hrannar Erlingsson	2 ♥	Pass	3 ♠	Pass	4 ♦	4 G	3 G	2 ♣	Dobl	Dobl	759
Ísak Örn Sigurðsson	2 G	Pass	4 ♦	Dobl	5 ♣	3 ♦	4 G	Pass	4 G	4 G	711
Ómar Olgeirsson	2 ♦	Pass	Dobl	Dobl	4 ♦	4 ♦	4 G	Pass	4 G	5 ♦	775
Ragnar Magnússon	2 G	Dobl	Dobl	Dobl	4 ♦	4 G	4 G	Pass	Dobl	Dobl	922
Runólfur Þ. Jónsson	2 ♦	Pass	Dobl	Pass	5 ♣	Dobl	3 G	Pass	Dobl	4 G	808
Rúnar Magnússon	2 ♦	3 ♠	4 ♦	Dobl	5 ♣	4 G	4 G	Pass	Dobl	Dobl	820
Snorri Karlsson	2 G	Pass	Dobl	Dobl	4 ♦	4 G	4 G	2 ♣	Dobl	5 ♦	880
Sævar Þorbjörnsson	2 G	Pass	Dobl	Pass	5 ♣	Dobl	3 G	Dobl	Dobl	Dobl	819
Þorlákur Jónsson	2 ♥	3 ♠	Dobl	Pass	4 ♠	4 G	3 G	Pass	Dobl	Dobl	766
Þröstur Ingimarsson	2 G	Pass	Dobl	Pass	4 ♦	3 ♦	4 G	Pass	Dobl	Dobl	928

# HECHT MÓTIÐ Í KAUPMANNAHÖFN

EITT af sterkustu tvímenningsmótum ársins er Hecht Cup sem spilað er ár hvert í Lars Blakset bridgecenter í Kaupmannahöfn síðari hluta septembermánaðar. Mótið er kennt við Danann Peter Hecht Johansen, en hann er sterkefnaður og veit vart aura sinna tal (Peter er einn eigenda hins völduga Novo Nordisk lyfjafyrirtækis). Peter Hecht hefur reynst danska bridgesambandinu vel á undanförnum árum, að miklu leyti vegna Hecht boðsmótsins sem er fjármagnað af honum, en einnig vegna ýmiss annars fjárstuðnings. Peter Hecht er Íslendingum að góðu kunnur, því hann kom á Bridgehátíð 2003. Spilafélagi hans þá var Knud Blakset, en bróðir hans Lars og Sören Christiansen voru með þeim í sveitakeppninni.



Kostari mótsins, Peter Hecht, með staðarhöldinn, Lars Blakset, í andstöðunni.

Hecht Cup er lokað boðsmót, að meirihluta skipað dönskum pörum, en einnig fjölmörgum boðspörum víðsvegar að úr Evrópu. Meðal þeirra voru pör eins og Pólverjarnir Jacek Pszczola og Michal Kwiecien, Marcin Lesniewski og Piotr Bizon; Hollendingarnir Jan Jansma og Louk Verhees, Bas Drijver og Willem van Eijk; Frakkarnir Alain Levy og Hervé Mouiel, Paul Chemla og Philippe Cronier; Norðmennirnir Tor Helness og Geir Helgemo, Boye Brogeland og Eric Sælensminde; Svíarnir Fredrik Nyström og Magnus Lindqvist.

Bestu dönsku spilararnir létu sig heldur ekki vanta: Lars Blakset og Jens Auken, Dorthe Shaltz og Peter Shaltz, Mathias Bruun og Peter Fredin (Fredin er Sví), Morten Lund Madsen og Lars Lund Madsen, Thorvald Aagard og Jan Nicolaisen, Gregers Bjarnarson og Michael Askgaard, Stig Verdalin og Thomas Vang Larsen, Allen Cohen og Lars Munksgaard og svo mætti lengi áfram telja.

Ísak Örn Sigurðsson skrifar um Hecht mótið í Kaupmannahöfn, en Ísak og Ómar Olgeirsson voru þar í hópi 52ja boðspara.



Gulrótarlaufið?

Íslendingar fengu einnig fulltrúa á mótið í fyrsta sinn, Ómar Olgeirsson og Ísak Örn Sigurðsson. Frændur okkar Færeyingar tefldu fram sínu besta pari, Héðin Mouritsen og Jóannis Mouritsen. Hin fræga Sabine Auken, eiginkona Jens Auken, fékk einn besta spilara heims sem félagi, Ítalann Norberto Bocchi. Eiginkona Peter Hecht, Gitte, fékk breska landsliðsspilarann Paul Hackett sem spilafélagi.

## Kauphallarmót

Hecht boðsmótið dregur nokkurn dóm af Cavendish mótinu fræga í Bandaríkjunum. Þátttökuföldi í Hecht er jafnan 52 pör, jafn mörg og spilin eru í stokknum. Í upphafi móts eru öll pörin boðin upp til sölu og var lágmarksboð 200 evrur. Pörin 52 voru að þessu sinni seld á nýju meti, samtals 27.000 evrum, sem samsvarar tæpum 2,4 milljónum íslenskra króna. Aðeins tvö pör seldust á lágmarksverði, en Norðmennirnir Boye Brogeland-Eric Sælensminde fóru á hæsta verðinu, 1.600 evrum (141.600 krónum íslenskum). Pörin höfðu rétt til þess að kaupa allt að 50% í sjálfum sér að loknu uppboðinu.

Af þessum 27.000 evrum, fóru 5% til styrktar yngri spílurum í Danmörku, en afgangurinn í verðlaun. Kaupandi efsta parsins fékk 30% upphæðarinnar (tæplega 717 þúsund krónur!), annað sætið 20% og þriðja sætið 14%. Síðan voru dregin út þrjú sæti í lokin sem fengu í sinn hlut 12% upphæðarinnar hvert. Til viðbótar þessum verðlaunum, óháð pottinum, voru veitt sérstök peningaverðlaun til spilaranna fyrir 6 efstu sætin, 4.600 evrur fyrir fyrsta sætið (407.000 íslenskar krónur), 2.700 fyrir annað og síðan lækandi upphæð niður í 400 evrur fyrir sjötta sætið.

Það setti einnig sérstakan svip á mótið, að Danir sýndu beint frá spilamennsku á tveimur borðum í einu með svokölluðu Swan Games sýningarforriti. Ritstjóri Danska bridgeblaðsins, Ib Lundby tók að sér að skrifa Bulletin fréttablað og gaf út fjögur glæsileg mótsblöð í lit sem einnig er hægt að skoða á netinu. Spiluð voru 117 spil í 39 umferðum, 3 spil milli para. Spilaformið var barómeter.

## Forkeppni

Að afloknu uppboði paranna föstudaginn 19. september var efnt til óvenjulegrar forkeppni. Fjöldi Dana mætti til leiks og greiddi heilar 800 danskar krónur fyrir að fá að spila við snillingana úr mótinu. Danir drógu sér spil úr stokknum og fékk sá sem dró sér ásinn í spaða að velja fyrstur og þannig koll af kalli niður í laufatvist.

Segja má að gengi paranna í þeirri keppni hafi verið, í flestum tilfellum, fjarri getu þeirra. Það sem réði mestu um útkomuna í þessum fortvímenni var hve góður spilafélaginn var og í hvaða átt vindurinn blés. Ritari þessa greinar var heppinn með makker en það var fullorðinn spilari, Nils Foss að nafni. Við unnum nokkuð öruggan sigur í NS í A-riðli með 272 stig, en næsta par var með 251 stig. Ég frétti það degi síðar að Nils Foss er talinn fimmti rikasti þegn Danaveldis og spilafélagi hans er að jafnaði Henrik Danaprins!



Ísak og Nils Foss, spilafélagi Henriks prins og Ísaks.



## Misjafnt gengi

Laugardaginn 20. september árdegis hófst hin eiginlega spilamennska. Við Ómar lentum strax í mótbyr og vermdum fljótlega neðstu sætin. Frakkarnir Alain Levy og Hervé Mouiel náðu hins vegar snemma forystunni og voru þaulsetnir á toppnum. Það kom nokkuð á óvart að fjölmörg af sterkari pörum náðu sér alls ekki á strik. Meðal þeirra voru Brogeland/Sælensminde, Helgemo/Helness, Pszczola/Kwiecien, Sabine Auken/Bocchi og þannig mætti áfram telja. Ekkert var þó óeðlilegt við slakt gengi þeirra, í svona sterkum sal hlýtur það að verða hlutverk einhverra af verma neðstu sætin. Þurftu margir góðir spilarar að láta sér lynda eitt af neðri sætunum í lok mótsins. Nefna má til dæmis að Danirnir Flemming Dahl og Georg Norris, sem nýlega náðu öðru sætinu á Evrópumóti eldri spilara, enduðu í næst neðsta sæti. Stig Verdellin og Thomas Vang Larsen, sem unnu sigur á Copenhagen Open tvímenningsmótinu í ágúst, höfðu í þriðja neðsta sæti. Ómar og Ísak náðu sér heldur ekki á strik, höfðu í 45. sæti.

Dönsku pörin Shaffer/Bernes og Andersen/Harries saumuðu nokkrum sinnum hressilega að Frökkunum Levy og Mouiel, og komust jafnvel nokkrum sinnum í efsta sætið. En það voru Frakkarnir sem voru sterkastir á lokasprettið og unnu öruggan sigur. Lokastaða efstu para varð þannig:

1.	Alain Levy – Hervé Mouiel	417
2.	Lauge Shaffer – Torsten Bernes	293
3.	Stense Farholt – Maria Rahelt	250
4.	Lars Blakset – Jens Auken	223
5.	Morten Andersen – Knud Harries	211
6.	Tino Terraneo – Beppo Simon	202
7.	Boye Brogeland-Eric Sælensminde	154



Frakkarnir Alain Levy og Hervé Mouiel, kampakátir í mótslok.

## Dæmi frá mótinu

Að vonum voru fjölmörg skemmtileg spil í mótinu enda af nægu að taka. Dönsku landsliðskonurnar Nadia Bekkouche og Trine Binderkrantz fóru illa með okkur Ómar í þessu spili:

	NORÐUR		
	♠ G4		S/Allir
	♥ D874		
	♦ K8753		
	♣ Á6		
VESTUR		AUSTUR	
♠ KD98752		♠ Á1063	
♥ 3		♥ ÁK109	
♦ G104		♦ 96	
♣ 94		♣ D105	
	SUÐUR		
	♠ -		
	♥ G652		
	♦ ÁD2		
	♣ KG8732		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Ómar	Trine	Ísak	Nadia
-	-	-	1 ♣
2 ♠	Dobl	3 ♠	4 ♥
Pass	Pass	Dobl ///	



Eftir dobl mitt á fjórum hjörtum spurði Nadia í gríni hvort tveggja spaða sögn Ómars lýsti sterkum spilum, en ég sagði kokhraustur svo ekki vera. Þjóst ég nú við mikilli veislu. Ég var að vonast eftir spaðaútspili, en tígulgosinn varð fyrir valinu. Nadia drap á ásinn heima og spilaði trompi á drottningu, sem ég drap á kóng. Næst var spaðaásinn lagður niður, Nadia trompaði, spilaði laufi á ásinn og svínaði gosanum. Síðasti spaðinn hvarf ofan í laufkóng og síðan var tígli spilað ofan frá. Ég trompaði þriðja tígulinn og spilaði spaða, sem var trompaður í blindum og tígli spilað áfram:

	NORÐUR		
	♠ -		
	♥ 87		
	♦ 87		
	♣ -		
VESTUR		AUSTUR	
♠ KD98		♠ 106	
♥ -		♥ Á10	
♦ -		♦ -	
♣ -		♣ -	
	SUÐUR		
	♠ -		
	♥ G6		
	♦ -		
	♣ 87		

Við því átti ég ekkert svar og við fengum hreinan botn - ekki þann eina!

## Margar sagnir

Við Ómar spilum Ice-relay spurnarkerfi eftir opnanir á einum í hálit og með þannig kerfi vilja sagnirnar oft verða margar. En við vorum ekki þeir einu sem töldum okkur hafa not af relay spurningunum. Ungu spilararnir Gregers Bjarnarson og Michael Askgård, sem spila Relay-precision, áttu sennilega lengstu sagnröð mótsins í þessu spili í annari umferð. Mér er til efs að margir spilarar nái svo mörgum sögnum í einu spili nokkurn tímann á lífsleiðinni.



VESTUR	AUSTUR
♠ ÁK	♠ G643
♥ ÁKD	♥ 83
♦ Á62	♦ G93
♣ ÁD954	♣ KG78

Vestur	Austur
Gregers	Michael
1 ♣	1 ♦
1 ♥	2 ♣
2 ♦	2 ♠
2 G	3 ♣
3 ♦	3 ♥
3 ♠	3 G
4 ♣	4 ♦
4 G	5 ♣
5 ♦	5 ♥
6 ♣	Pass

Sagnir þarfnast að sjálfsgöðu skýringa. Laufopnunin var sterk, tígullinn sýndi 0-7 punkta og allar sagnir vesturs voru spurnarsagnir. Fyrst sýndi austur 5-7 jafnskipta punkta, skiptinguna 4234, engan ás, einn kóng, nánar tiltekið laufkóng og enga drottningu. Eftir þær upplýsingar vissi Gregers að hann þurfti eina trompun til að fá 12 slagi og að sex grönd myndu ekki standa. Glæsileg frammistaða sem gaf 19 stig af 25 mögulegum. Eitt par hafnaði í sex gröndum og fékk þau gefin í vörninni.

## Heilladísin

Lars Blakset og Jens Auken náðu fjórða sætinu með góðum endaspretti. Hér höfðu þeir heppnina með sér:

NORÐUR		A/NS
♠ ÁD87653		
♥ K92		
♦ 5		
♣ K2		
VESTUR		AUSTUR
♠ 94		♠ KG2
♥ G105		♥ 8764
♦ D10972		♦ KG63
♣ G104		♣ 63
SUBUR		
♠ 10		
♥ ÁD3		
♦ Á84		
♣ ÁD9875		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Iversen	Auken	Hagen	Blakset
-	-	Pass	1 ♣
Pass	1 ♥	Pass	3 ♣
Pass	3 ♠	Pass	3 G
Pass	4 ♣	Pass	4 ♦
Pass	4 ♥	Pass	4 G
Pass	5 ♦	Dobl	5 ♥
Pass	7 ♣	Pass	Pass
7 ♦	Pass	Pass	Dobl ///

Svar Aukens á einu hjarta er yfirfærsla í spaða, en eftir það eru sagnir eðlilegar upp í fjögur grönd, en sú sögn sýnir 3 ása. Fimm tíglar er fyrirstaða, ásamt því að lofa 2 ásum (trompkóngur talinn sem ás), og þegar Lars reyndi við alslemmu með fimm hjörtum ákvað Jens að skjóta á sjö lauf. Eins og lesendur sjá glögglega, tapast sjö lauf, en það vissi Henrik Iversen ekki og hann ákvað að fóna í sjö tíglar. Lars og Auken fengu 2000 í sinn dálk sem var meira en nóg í toppinn.

Við Ómar vorum ekki heppnir í þessu spili:

NORÐUR		V/AV
♠ K1084		
♥ 109542		
♦ 76		
♣ DG		
VESTUR		AUSTUR
♠ ÁDG		♠ 5
♥ KD7		♥ G863
♦ ÁG94		♦ KD10532
♣ 762		♣ K4
SUBUR		
♠ 97632		
♥ Á		
♦ 8		
♣ Á109853		

Vestur opnaði á einu grandí (15-17) og Ómar í norður kom inn á tveimur laufum, sem sýndi annað hvort lengd

í tígli eða hálitina. Austur stökk í þrjú grönd og ég taldi yfirgnæfandi líkur á að félagi hefði tígullit og blandaði mér því ekki í sagnir.

Útspilið var hjartafjarkí, sem ég drap á ás og spilaði spaðasjöu til baka. Sagnhafi setti gosann, Ómar kónginn og síðan meiri spaða. Þannig fékk sagnhafi 10 slagi og nálægt því toppskor. Sagnir gengu þannig á öðru borði í salnum:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Lupan	Brink	Godtfr.	Burghout
1 G	Pass	2 ♣	Dobl
2 ♦	Pass	3 ♣	3 ♠
Dobl	Allir pass		

Í sætum NS voru Hollendingarnir Sjoert Brink og Frank Burghout og þeir höfðu lukkadísirnar í sínu liði í þessu spili. Burghout doblaði fyrst Stayman spurnarsögn Sören Godtfredsens og þegar austur spurði um laufstöðvara með þremur laufum sagði Burghout einfaldlega þrjú spaða. Vestur doblaði þá til refsingar, en varð ekki feitur af því: yfirslagur og 630 í NS.

## Góð seta

Ein af bestu setum okkar Ómars var gegn sigurvegurinum, Frökkunum Alain Levy og Hervé Mouiel. Í fyrsta spilinum sögðum við Ómar sex spaða sem vörnin hnekkti með því að spila út einspili í tígli á ás og trompun, 5-1 lega. Byrjunin ekki gæfuleg en betra var í vendum:

NORÐUR		AUSTUR
♠ D85		♠ KG103
♥ DG3		♥ Á10
♦ DG95		♦ 8732
♣ ÁG3		♣ 1052
VESTUR		SUBUR
♠ Á764		♠ 92
♥ 752		♥ K9864
♦ 4		♦ ÁK106
♣ D8764		♣ K9

Levy og Mouiel sögðu sig upp í fjögur hjörtu. Ómar spilaði út einspili sínu í tígli og ég setti áttuna til að reyna að benda á spaðann. Sagnhafi drap á ás heima, spilaði hjarta á drottningu og ég drap strax á ásinn og spilaði tígulsjöu. Ómar trompaði, spilaði lágum spaða undan ásnum og ég sendi féлага aðra stungu. Spaðaásinn var fimmti slagur varnarinnar og fengust fyrir það 19 stig af 25 mögulegum. Síðan kom þriðja spilið sem hentaði okkur vel:

NORÐUR		AUSTUR
♠ ÁD9873		♠ 4
♥ K3		♥ G842
♦ 7		♦ ÁDG5
♣ D752		♣ ÁG104
VESTUR		SUBUR
♠ K2		♠ G1065
♥ 9		♥ ÁD10765
♦ K108643		♦ 92
♣ K863		♣ 9

Ég opnaði á einum tígli á austurhöndina og Mouiel ákvað að koma inn á veikum tveimur hjörtum, þrátt fyrir að skiptingin hafi ekki verið á hefðbundnum nótum. Ómar valdi að segja þrjú tíglar, sem ekki var krafa. Levy stökk rakleidis í fjögur hjörtu sem voru pössuð yfir til Ómars. Hann sagði fimm tíglar en þá hló Alain Levy og doblaði til refsingar. Mouiel valdi að spila út einspilið í laufi sem auðveldaði nokkuð úrspilið. Þegar langt var liðið á spilið lagði Levy niður spil sín og sagðist sættast á einn niður, því hann hefði ÁD í spaða á bakvið kónginn. Honum var þá vinsamlega bent á einspilið í spaða og þrátt fyrir að ég kundi ekki orð í frönsku, þá var ég viss um að orðin sem Levy hreytti í Mouiel voru ekki á kurteislegu nótunum. Setan gaf okkur 28 stig í plus, en dugði þó ekki til að stöðva Fransmennina á leið til sigurs.

Ísak Örn Sigurðsson



Norberto Bocchi og Sabina Auken ræða kerfismál fyrir mótið, en þau náðu ekki flugi og blönduðu sér ekki í toppbaráttuna.



# YOKOHAMA




**Y**okohama, hafnarborg Tókýó, hefur sérstaka þýðingu fyrir íslenska spilara - alla vega þá sem sátu að spilum á *Hotel Pacifico* fyrir röskum tólf árum og komu heim með Bermudaskálina. Heimsmeistarakeppnin var japönskum spilurum enn fremur mikil lyftistöng og hvatning til að efla alþjóðleg samskipti. Frá árinu 1995 hafa þeir haldið alþjóðlegt mót í samvinnu við *NEC*-samsteypuna, þar sem um það bil helmingur þátttakenda eru boðsgestir frá öðrum heimsálfum. Lykilmótið er sveitakeppni (*NEC Cup*), sem stendur yfir í 5 daga. Í fyrstu lotu er raðkeppni, en síðan spila 8 efstu sveitinar útsláttarleiki um *NEC* bikarinn og allhá peningaverðlaun. Í fyrra tóku 42 sveitir þátt í keppninni og vann lið undir forystu Bretans Brians Seniors, annað árið í röð.

Íslensk sveit hefur einu sinni tekið þátt í *NEC Cup*, það var árið 1998, en þá fór Björn Eysteinnsson fyrir fjögurra manna liði sem náði inn í lokakeppnina, en tapaði síðan í undanúrslitum og endaði í fjórða sæti. Með Birni spiluðu Þorlákur Jónsson, Karl Sigurhjartarson og Sævar Þorbjörnsson.

Bridssambandið fékk í sumar boð um að senda sveit á *NEC* mótið 2004, sem spilað verður dagana 9.-15. febrúar. Fulltrúar Íslands þá verða þeir Bjarni H. Einarsson, Þröstur Ingimarsson, Anton Haraldsson og Sigurbjörn Haraldsson.

Bjarni og Þröstur unnu sér rétt til að spila í *NEC* mótinu með því að vinna tólf para keppni spilara í landsliðsflokki sem stóð yfir í þrjár helgar í október og nóvember. Þeir völdu bræðurna í Engihjallanum sem ferða- og sveitarféлага.



*Guðm. Páll Arnarson, landsliðsfrirlíði, afhenti Bjarna og Presti "aukaverðlaun" fyrir sigurinn í Yokohamamótinu - skyndinámskeið í japönsku á hljóðsnældu: Instant Japanese.*

Það eru ár og dagar síðan formleg landsliðskeppni hefur farið fram héraendis og var greinilegt að spilurum þótti tími til kominn. Stemmningin var góð og spilamennskan vönduð, enda var grimmilega refsað fyrir hver lítilsháttar mistök. Vonandi verður keppni af þessum toga fastur liður í vetrardagskránni í framtíðinni.

Þörin tólf spiluðu innbyrðis tvöfalda umferð af 8 spila leikjum. Keppnisformið var "butler", en þá er meðaltalsárangur hvers spils fundinn og síðan gefin stig í

*IMP*um með samanburði við meðaltalið. Sett var þak á hámarkssigur, þannig að hvert par gat aðeins unnið 30 impa í hverri umferð (8 spilum). Þetta form var notað á *Sunday Times* mótinu sáluga, þar sem 9 spil voru á milli para. Útfærslan er sú að þörin byrja með 30 stig í hverri umferð og hámarkssigur er þá 60-0, en jafntefli 30-30. Bjarni og Þröstur fengu 724 stig út úr 22 umferðum, eða 32,91 stig meðaltali úr umferð (54,85% skor).

## Úrslitin:

1. Bjarni H. Einarsson - Þröstur Ingimarsson	724
2. Jón Baldursson - Þorlákur Jónsson	716
3. Júlíus Sigurjónsson - Hrannar Erlingsson	707
4. Sigurður Vilhjálmsson - Rúnar Magnússon	701
5. Anton Haraldsson - Sigurbjörn Haraldsson	690
6. Matthías Þorvaldsson - Ljósbrá Baldursd.	687
7. Erlendur Jónsson - Sveinn Rúnar Eiríksson	642
8. Kristján Blöndal - Jón Sigurbjörnsson	641
9. Karl Sigurhjartarson - Snorri Karlsson	631
10. Ragnar Magnússon - Stefán Jóhannsson	611
11. Runólfur Þ. Jónsson - Hermann Friðriksson	605
12. Ísak Örn Sigurðsson - Páll Valdimarsson	555

Sagnir voru skráðar á öllum borðum og með því fékkst athyglisverður samanburður á stíl paranna. Í fyrstu umferð fékk norður það verkefni að svara opnun makkers á 4♥ með þessa kólgu:

♠	ÁK103
♥	Á7
♦	ÁKDG10
♣	74

Hvernig myndi lesandinn bregðast við?

Hin tæknilega rétta sögn hlýtur að vera 4♠, fyrirstaða, til að reyna að laða fram 5♣ hjá makker. En enginn valdi þá sögn. Tveir keppendur stukku beint í 6♥, en fjórir spurðu um lykilsþil með 4G og sögðu svo 6♥ við svári opnara á 5♦ (eitt lykilsþil):

NORÐUR			AUSTUR	
♠	ÁK103		♠	G9654
♥	Á7	S/AV	♥	109
♦	ÁKDG10		♦	7
♣	74		♣	ÁK862
VESTUR			SUÐUR	
♠	D872		♠	-
♥	53		♥	KDG8642
♦	98643		♦	52
♣	D10		♣	G953

Það er stutt í alslemmu frá bæjardyrum norðurs (hjónin sjöundu í hjarta og lauf-ás) og á þeim grunni er 4G skiljanleg sögn. Eftir stendur þó sú spurning hvort menn hafi ekki tækni til að stansa í fimm án þess að hætta á að missa af sjö. Sennilega vantreysta menn opnaranum, óttast að suður þori ekki að dansa með yfir 4♠ ef hann á til dæmis svona spil:

♠x ♥KDGxxxx ♦xxx ♣Kx

Mun suður þora að segja 5♣ við 4♠ eða hefur hann sektarkennd yfir opnuninni og slær af? Þetta er óþarfa vantraust, því opnara ber að sýna sitt þótt lítið sé. Ástæðan fyrir því að svarhönd spyr ekki um ása er yfirleitt sú að einn litur er óvarinn, en annað er á hreinu.

Vandinn er kannski meiri ef suður á lauf-ásinn:

♠x ♥KDGxxxx ♦xxx ♣Áx

Nú standa sjö. Suður segir auðvitað 5♣ við 4♠, en hvað svo? Það er ómaksins vert að huga að pólsku lausninni í þessari stöðu, sem er að nota 5G sem RKC! Regla Pólverjanna er þessi: Sé farið framhjá 4G í slemmuleit og fyrirstöður meldaðar, eru 5G á eftir spurning um lykilsþil.

Það er svo annað mál að slemman vannst á fimm borðum þegar vestur valdi að koma út með spaða. Aðeins feðgarnir Karl Sigurhjartarson og Snorri Karlsson hnektu slemmunni, en það var eftir dobl Snorra, sem kerfisbundið óskaði eftir útspili í laufi!

Svokallað Fischerdobl.

Settu þig nú í spor austurs, sem er í vörn gegn 3G:

NORÐUR			
♠ 7			
♥ ÁKG54			
♦ DG65			
♣ ÁG5			
VESTUR		AUSTUR	
♠ 4		♠ ÁK1063	
		♥ D63	
		♦ 42	
		♣ 764	
Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♥	1 ♠	1 G
Pass	2 G	Pass	3 G ///

Makker kemur út með ♠4, sem er annað hvort hærra frá tvispili (42) eða þriðja frá lengd. Hvernig viltu verjast?



Tveir einbeittir: Sigurbjörn og Runólfur.

Sennilega er lítið til bjargar ef suður er með ♠DGxx, svo það verður að slá því föstu að útspil makkers sé frá Gxx eða Dxx. Þú valdar hjartað og ef makker á innkomu á tígul (eða lauf), ætti að vera hægt að ná spilinunni niður - en þá verður að láta *spáðatuna* í fyrsta slag, ekki kónginn.

NORÐUR			AUSTUR	
♠	7		♠	ÁK1063
♥	ÁKG54	N/Enginn	♥	D63
♦	DG65		♦	42
♣	ÁG5		♣	764
VESTUR			SUÐUR	
♠	D84		♠	G952
♥	9872		♥	10
♦	Á109		♦	K873
♣	1032		♣	KD98

Ef fyrsti slagurinn er tekinn á háspaða, rofnar sambandið í vörninni og sagnhafi nær 9 slögum með því að sækja ♦Á.

NS eiga heima í 5♦ og eitt par náði þeim samningi:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Þróstur	Runólfur	Bjarni	Hermann
-	1 ♥	1 ♠	Dobl
2 ♠	3 ♦	Pass	5 ♦
Pass	Pass	Pass	

Nú er að spila 7♦ með trompi út:

NORÐUR	
♠	ÁK987
♥	Á10954
♦	DG
♣	6
SUÐUR	
♠	-
♥	32
♦	ÁK107643
♣	ÁG87

Aðeins eitt par sagði 7♦: Þorlákur og Sigurður Sverrisson, sem spilaði í forföllum Jóns Baldurssonar:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Anton	Þorlákur	Sigurbjörn	Sigurður
-	1 ♠	Pass	2 ♦
Pass	2 ♥	Pass	3 ♦
Pass	4 G	Pass	5 ♣
Pass	5 G	Pass	7 ♦ ///

Sigurður fékk út hjarta og gat þá tryggt sér 13 slagi með því að stinga lauf tvisvar í borði. En trompútspilið er óþægilegt.

NORÐUR			AUSTUR	
♠	ÁK987		♠	D105
♥	Á10954	N/Enginn	♥	D6
♦	DG		♦	52
♣	6		♣	K109543
VESTUR			SUÐUR	
♠	G6432		♠	-
♥	KG87		♥	32
♦	98		♦	ÁK107643
♣	D2		♣	ÁG87

Ef spaðinn er 4-4 má ná þar í þrettánda slaginn. Nauðsynlegt er að byrja strax á því að trompa spaðann, en það væri óráð að geyma ♠ÁK. Reyndar skiptir það engu máli ef spaðinn er 4-4, en er hins vegar lyklatríði upp á hugsanlega þvingun ef spaðinn fellur ekki.

Sagnhafi tekur ♠ÁK og trompar spaða. Síðan laufás og stingur lauf og trompar enn spaða heim. Nú hendir austur laufi, svo ekki fellur liturinn. Sagnhafi tekur þá öll trompin og byggir upp þessa stöðu: (Sjá næstu síðu.)



Þorlákur og Guðm. Sv. Hermannsson.



NORÐUR

♠ 9  
♥ Á10  
♦ -  
♣ -

VESTUR

♠ G  
♥ KG  
♦ -  
♣ -

AUSTUR

♠ -  
♥ D6  
♦ -  
♣ K

SUÐUR

♠ -  
♥ 3  
♦ 4  
♣ G

Þegar síðasta trompinu er spilað kemur upp tvöföld kastþröng: Vestur þarf að halda í ♠G og hendir hjarta. Þá fer ♠9 úr borði, og nú er komið að austri að kveljast með ♣K og valdið í hjartanu. Ef ÁK í spaða eru ekki teknir strax, verður vandræðalaust fyrir austur að valda bæði hjarta og lauf.

♥♦♣

Þetta spil birtist í Morgunblaðinu og varð Hrólfur Hjaltasyni tilefni til heilabrotá:

NORÐUR

♠ D108  
♥ KD63  
♦ 632  
♣ Á104

VESTUR

♠ K6  
♥ G1074  
♦ K10754  
♣ 73

AUSTUR

♠ 542  
♥ 982  
♦ G9  
♣ G9862

SUÐUR

♠ ÁG973  
♥ Á5  
♦ ÁD8  
♣ KD5

Á fimm borðum af sex var suður sagnhafi í 6♠. Útspilið var yfirleitt lauf, sem eðlilegt er að taka í borði með ás og svína fyrir spaðakóng. Vestur drepur og spilar aftur laufi.

Nú virðist blasa við að svína fyrir tólfta slaginn í tígli, en eitt og annað kemur í ljós sem gæti fengið sagnhafa til að skipta um skoðun. Hann tekur trompin af vörninni og þriðja laufið. Þá sannast að vestur hefur byrjað með tvíspil í báðum svörtu litunum og þar með nú rauð spil. Sem þýðir að hann þvingast þegar öll trompin eru tekin ef hann hefur byrjað með tígulkóng og fjórða hjartað.

## Spáð í stöðuna



NORÐUR

♠ -  
♥ 6  
♦ 6  
♣ -

VESTUR

♠ -  
♥ G  
♦ K  
♣ -

AUSTUR

♠ -  
♥ -  
♦ G9  
♣ -

SUÐUR

♠ -  
♥ -  
♦ ÁD  
♣ -

Þetta eru lokastaðan þegar sagnhafi hefur tekið öll trompin og þrjá efstu í hjarta. Hann spilar tígli og nú er spurningin þessi: Á að svína eða stinga upp ás?

Í Morgunblaðinu sagði greinarhöfundur: “Þetta lítur út eins og hittingur, en er það alls ekki. Eigi austur þrettánda hjartað, á hann aðeins einn tígul og þá hlýtur spilið að tapast. Því ætti sagnhafi að gera ráð fyrir því að vestur valdi hjartalitinn. Þá hefur hann byrjað með fimmlit í tígli, en austur með tvílit. Og líkur á því að kóngurinn sé í hópi fimm spila eru auðvitað mun meiri en að hann sé í tvílit. Þess vegna er rétt að stinga upp ás. Og það gerðu keppndur á fjórum borðum.”

Hrólfur hefur miklar efasemdir um þessa rökfærslu. Hann segir sem svo: “Þegar ákvörðun er tekin eru aðeins tveir tíglar eftir, kóngurinn og gosinn. Það má alveg eins segja að gosinn sé líklegri til að hafa verið í hópi 5 spila en tveggja, rétt eins

og kóngurinn. Þetta er því hreinn og klár hittingur - 50/50.”

Líkindafræðin er sleip fræðigrein, einkum þegar hoppað er á milli fyrirfram líkinda og samtíma líkinda, en lykilatriðið hér að þó að gera greinarmun á virkum og óvirkum spilum. Í tíglinum er aðeins eitt virkt spil - kóngurinn. Því spili má aldrei henda, en öll hin spil varnarinnar í tígli eru jafngild og þeim má henda í hvaða röð sem er. Í slíkum tilvikum má beita annarri nálgun sem byggist á hugmyndinni um takmarkað val (eða fjárlst val, eftir því hvernig á er litið).

Sláum því fyrst föstu að kóngurinn sé með fimmlitnum. Þá er vestur með fjögur óvirk spil sem hann getur hent í hvaða röð sem er. Möguleikar hans eru  $24 (4 \times 3 \times 2 \times 1 = 24)$ , sem er fjöldi mismunandi niðurröðunar á fjórum tölum). Ef austur á ekki kónginn á hann tvo möguleika. Samtals er því möguleg röð á afköstum beggja spilara  $24 \times 2 = 48$ .

Segjum nú að kóngurinn sé í austur. Þá á vestur fimm óvirk spil og getur hent þeim á 120 vegu ( $5 \times 4 \times 3 \times 2 \times 1 = 120$ ) Austur á aðeins einn möguleika, því ekki má hann henda kóngnum.

Sem sagt: Þegar vestur á kónginn eru möguleikar á afkasti 48, en 120 þegar kóngurinn er í austur. Einhver ein röð afkasta verður fyrir valinu og spurningin er hvort sé líklegra að hún sé valin úr hópi 48 möguleika eða 120? Og nú vill svo til að hlutfallið  $120/48$  er  $5/2$ .

Eftirminnilegasta spil mótsins er án ef þetta hér:

NORÐUR		
♠ K73		
♥ ÁD	S/AV	
♦ G987		
♣ K762		
VESTUR		AUSTUR
♠ -		♠ ÁDG10
♥ 10975		♥ G43
♦ K106432		♦ ÁD5
♣ 954		♣ G108
		SUÐUR
		♠ 986542
		♥ K862
		♦ -
		♣ ÁD3

Erlendur Jónsson varð sagnhafi í 4♠ eftir þessar sagnir:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Ljósbrá	Sveinn	Matthías	Erlendur
-	-	-	1 ♠
Pass	2 ♦	Pass	2 ♥
Pass	4 ♠	Dobl	Allir pass

Matthías trúði vart eigin augum: Andstæðingarnir komnir í 4♠ þar sem hann átti ÁDG10 og ÁD í hliðarlit blinds. Menn hafa doblað á minna.

Útspilið var tígull. Erlendur trompaði ás Matthíasar, spilaði spaða og lét lítið úr blindum þegar Ljósbrá henti tígli. Lauf kom baka og Erlendur lét trompið eiga sig og sneri sér að hliðarlitunum. Hann tók þrjá slagi á þá báða og notaði samganginn til að trompa tígul tvisvar í viðbót. Austur varð að fylgja lit alla leið og þriggja spila endastaðan leit svona út:

NORÐUR		
♠ K7		
♥ -		
♦ G		
♣ -		
VESTUR		AUSTUR
♠ -		♠ ÁDG
♥ 10		♥ -
♦ K10		♦ -
♣ -		♣ -
		SUÐUR
		♠ 986
		♥ -
		♦ -
		♣ -

Erlendur spilaði tígulgosa úr borðinu, sem Matthías varð að trompa og gefa síðasta slaginn á spaðakónginn.



Erlendur og Bjarni Hólmar.

Hvernig á að spila 4♠ með hjartakóngi út?

NORÐUR		
♠ K873		
♥ 109874		
♦ 54		
♣ G5		
		SUÐUR
		♠ D1052
		♥ -
		♦ Á8
		♣ ÁKD10963



Keppnisstjórinn Björgvin Már Kristinsson fylgist grannt með hjörð sinni.

NORÐUR		
♠ K873		
♥ 109874	S/NS	
♦ 54		
♣ G5		
VESTUR		AUSTUR
♠ G94		♠ Á6
♥ KDG6		♥ Á532
♦ K1072		♦ DG963
♣ 84		♣ 72
		SUÐUR
		♠ D1052
		♥ -
		♦ Á8
		♣ ÁKD10963

Vestur	Norður	Austur	Suður
Ísak	Bjarni	Páll	Þröstur
-	-	-	1 ♣
Pass	1 ♥	Pass	2 ♠
Pass	4 ♠	Allir pass	

Samningurinn er alls ekki eins traustur og virðist við fyrstu sýn. Suður þarf að trompa fyrsta slaginn og á ekki auðvelt um vik að sækja trompið og valda hjartað um leið. Ekki gengur til dæmis að spila spaðadrottningu í öðrum slag. Austur drepur og spilar hjarta áfram. Suður trompar og er nú úrræðalaus. Ef hann spilar trompi á kóng og svo laufi, fær vörninn alltaf tvo slagi á hjarta.

Þröstur fann réttu leiðina. Hann spilaði blindum inn laufgosa í öðrum slag og þaðan trompi á drottninguna. Síðan lét hann tromið eiga sig og sneri sér að laufinu, enda mátti vörninn fá þrjá slagi á tromp.





# SAGNKEPPNI

**B**ikarmeistarar ársins, Guðmundur Hermannsson og Helgi Jóhannsson, keppa hér við sigurvegara Yokohamamótsins, Þröst Ingimarsson og Bjarna Einarsson. Guðmundur og Helgi spila “náttúru” Precision, þar sem laufið er sterkt og tígullinn alhliða ruslakista, en síðan fellur allt í eðlilegan farveg eftir því sem hægt er. Þeir eru reyndar að gera tilraunir með 10-12 punkta grand og ýmis konar sprell á öðru þrepinu, en slíkt kemur lítt við sögu í sagnkeppni, nema þá sem veiking á tígulopnunni. Bjarni og Þröstur spila sænskuskotinn Standard með breytilegu grand. Þeir nota ítalska slemmustílinn, sem lýsir sér helst í því að 4G sýnir oft ása, frekar en spyrja um þá.

## SPIL 1

A/NS

Vestur	Austur
♠ 8763	♠ Á10954
♥ ÁD3	♥ K6
♦ ÁDG102	♦ K5
♣ Á	♣ KDG2

Bjarni	Þröstur
-	1 ♠
2 G = spaðasamþykkt	3 ♦ = ekkert einspil
3 ♠ = krafu	4 G = RCK
5 ♣ = 0/3	5 ♦ = TD?
5 ♠ = nei	Pass

Guðmundur	Helgi
-	1 ♣ = 16+
2 ♦	2 ♠
3 ♠	3 G = eðlilegt
4 ♣ = fyrirstaða	4 ♦ = fyrirstaða
4 G = RKC	5 ♦ = 1 lykilspil
5 ♥ = TD?	5 ♠ = nei
6 G	Pass

**Japansfararnir** byrja illa. Bjarni sýnir spaðastuðning með 2G (sem er áskorun eða betra) og Þröstur segist eiga góða opnun en ekkert einspil með 3♦. Þar með er 3ja spaða sögn Bjarna krafu og slemmuleit. Þröstur ákveður að spyrja um lykilspil og trompdrottningu (stökk er RKC), en fellir óvænt talið við 5♠ þegar hann kemst að því að vörnin er með ás og drottninguna í spaða.

Helgi opnar á sterku laufi og þegar búið er að sammælast um spaðann, tekur Guðmundur að sér spyrja um lykilspil og stýrir framhjá spaðagildrunni.

7G=10, 7♦=9, 6G=6, 6♦=5,  
6♠=3, 5G=2, 5♠=2

Bjarni og Þröstur: 2 stig.  
Guðmundur og Helgi: 6 stig.

## SPIL 2

V/Allir

Vestur	Austur
♠ 8	♠ 763
♥ Á108	♥ KDG7
♦ G8	♦ ÁK972
♣ KDG10964	♣ Á

Bjarni	Þröstur
1 ♣	1 ♦
2 ♣	2 ♥ = geimkrafu
3 ♣	3 ♥
4 ♣	4 ♦ = fyrirstaða
4 ♥ = fyrirstaða	4 G = 2 ásar
6 ♣	Pass

Guðmundur	Helgi
1 ♦	1 ♥
2 ♣	2 ♦ = geimkrafu
2 ♥	3 ♦
4 ♣	4 ♥
Pass	

**Þegar** Bjarni hefur meldað laufið fjórum sinnum lætur Þröstur loks sannfærast um ágæti litarins og fer í slemmuleiðangur. Eftir tvær fyrirstöðusagnir, sýnir Þröstur 2 lykilspil án spaðafyrirstöðu með 4G og það dugir Bjarna til að segja slemmuna.

Guðmundur lendir í kerfispyttu. Opnun á 2♣ er upptekin undir fjöldjöful og því verður hann að byrja á tígli. Sem væri kannski í lagi ef hann gæti stokkið í 3♣ næst, en punktarnir leyfa það ekki. Því þarf engan að undra þótt Helgi hafi sýnt laufslemmu lítinn áhuga.

6♣=10, 5♠=6, 4♥=6, 5♥=4, 4♣=3, 3♥=3,  
5♦=2, 4♦=2, 3G=1, 7♣=1

Bjarni og Þröstur: 12 stig.  
Guðmundur og Helgi: 12 stig.

## SPIL 3

A/AV

Vestur	Austur
♠ D4	♠ ÁK1063
♥ 83	♥ 74
♦ KG742	♦ Á85
♣ DG82	♣ ÁK6

Bjarni	Þröstur
-	1 ♠
1 G = krafu	2 G = 18-19
3 ♦	4 ♣ = fyrirstaða
5 ♦	Pass

Guðmundur	Helgi
-	1 ♣
2 ♦	2 ♠
3 ♣	3 ♦
3 ♠	4 ♣
4 ♦	4 ♠ /

## Þröstur Ingimarsson og Bjarni H. Einarsson

♥ ♦ ♣ ♠

## Helgi Jóhannsson og Guðm. Sv. Hermannsson

**Bæði** þör sneiða hjá 3ja granda gildrunni. Sagnir ganga vel upp í Precision: vestur getur komið báðum litum sínum á framfæri og sýnt hálfstuðning við spaðann, og austur nær að vakna af slemmudraumum á fjórða þrepi þegar hann kemst að því að hjartað er galopið.

Spilið er þyngra í Standard, því vestur verður að svara fyrst á kröfugrandi. Þröstur sýnir 18-19 HP með 2G við einu og þegar Bjarni meldar tígul eðlilega, reynir Þröstur við tígulslemmu. En Bjarni er ekki tilkippilegur.

4♠=10, 5♣=7, 5♦=6, 5♠=5, bútur=3, 3G=2

Bjarni og Þröstur: 18 stig.  
Guðmundur og Helgi: 22 stig.

## SPIL 4

A/NS

Vestur	Austur
♠ 5	♠ ÁG1064
♥ DG6	♥ K74
♦ KDG863	♦ Á72
♣ 642	♣ Á10

Bjarni	Þröstur
-	1 ♠
1 G = krafu	2 ♣ = "normin"
2 ♦ = 9-12 HP	2 G = 15-17
3 G	Pass

Guðmundur	Helgi
-	1 ♣
2 ♦	2 ♠
3 ♦	3 ♥ = fyrirstaða
3 G	4 ♣ = fyrirstaða
4 ♦	4 ♠ = fyrirstaða
6 ♦	Pass

**Þröstur** sýnir 15-17 HP með því að segja fyrst 2♣ og svo 2G á eftir. Þetta er hluti af hinna sænsku "norm", sem margir nota upp úr kröfugrandi.

Helgi lætur kontrólin glepja sér sýn og slær hvergi af í slemmuleitinni. En það vantar kjöt á beinin.

5♦=10, 3G=7, 4♦=4, 2G=3, 6♦=1

Bjarni og Þröstur: 25 stig.  
Guðmundur og Helgi: 23 stig.

## SPIL 5

V/Enginn

Vestur	Austur
♠ D76	♠ 82
♥ ÁG1084	♥ 6
♦ Á876	♦ G9543
♣ 3	♣ ÁKDG7

Bjarni	Þröstur
1 ♥	1 G = <i>krafa</i>
2 ♦ = 11-15 HP	2 ♠ = <i>tígulhækkun</i>
3 ♦	4 ♦ /

Guðmundur	Helgi
1 ♥	1 ♠ = <i>krafa</i>
2 ♦	4 ♦
4 ♥	5 ♣
5 ♦	Pass

**Ellefu** punktar á móti opnun er geim á Íslandi, en Þröstur sest ítrekað á puttana á sér og nær að stansa rétt við hengiflugið. Grandið var krafa og Bjarni sýndi 11-15 og tígul. Tveir spaðar var *ofurhækkun* í tígli og þegar Bjarni sló af, bætti Þröstur einum við, enda með *hámarks* ofurspil.

Enginn hefur enn fúlmeldað í sagnkeppni Bridesbladsins, en Helgi er sennilega líklegasti maðurinn til þess. Spaðasvarið er þó ekki blekkisögn, heldur krafa. Þeir félagar snúa við merkingunni á spaða og grandí við hjartaopnun. Helgi kaus svo að stökkva strax í 4♦ með ofurspilin sín, og þótt sögnin væri svosem ekki krafa, fannst Guðmundi hann eiga fyrir geimi hið minnsta.

3♦=10, 1G=9, 4♦=7, 2G=4, 3G=2, 5♦=1

*Bjarni og Þröstur: 32 stig.*

*Guðmundur og Helgi: 24 stig.*

## SPIL 6

V/Enginn

Vestur	Austur
♠ Á1053	♠ K962
♥ Á742	♥ 5
♦ Á1054	♦ KD6
♣ 6	♣ ÁKD73

Bjarni	Þröstur
1 ♦	2 ♣
2 ♥ = <i>grandfyrirstaða</i>	3 ♦
3 ♠ = <i>sp. um stopp</i>	3 G
4 ♦	4 ♥ = <i>fyrirstaða</i>
4 ♠ = <i>fyrirstaða</i>	4 G = 2 <i>lykilspil</i>
6 ♦	Pass

Guðmundur	Helgi
1 ♦	2 ♣
2 ♦	3 ♦
3 G	Pass

**Hvað** varð um spaðann? Á einhvern dularfyllan hátt tókst báðum þörum að ýta æðsta litnum út af borðinu. Þröstur beit það í sig að Bjarni gæti ekki átt fjórlit í

spaða eftir tveggja hjarta endursögnina, og Helgi vildi einfalda sagnir með því að taka strax undir tígulinn, enda hafði Guðmundur viljandi logið til um lengd.

6♠=10, 4♠=6, 3G=6, 4G=5, 5♦=5, 6♦=4, 5G=2, 5♣=2, bútur=2, 7♠=1, 6♣=1

*Bjarni og Þröstur: 36 stig.*

*Guðmundur og Helgi: 30 stig.*

## SPIL 7

A/AV

Vestur	Austur
♠ Á8743	♠ G2
♥ ÁD82	♥ K
♦ K5	♦ ÁD10942
♣ G4	♣ KD103

Bjarni	Þröstur
-	1 ♦
1 ♠	2 ♦
2 ♥ = <i>geimkrafa</i>	3 ♣
3 ♦	3 ♥ = <i>fyrirstaða</i>
3 G	4 G = <i>áskorun</i>
5 ♦	7 ♦ /

Guðmundur	Helgi
-	1 ♦
1 ♠	2 ♦
2 ♥ = <i>geimkrafa</i>	3 ♣
3 G	Pass

**Hækkun** á grandsögn í fjögur er áskorun í slemmu. Um það er ekki deilt. Það er svar Bjarna á 5♦ sem skapar vandræðin. Bjarni var að "halda öllu opnu" með 5♦, en Þröstur tók sögnina sem fjögur lykilspil og sá þá 13 slagi í hillingum.

6♦=10, 5♦=7, 3G=7, 4G=6, 5G=4, 6G=3

*Bjarni og Þröstur: 36 stig*

*Guðmundur og Helgi: 37 stig.*

## SPIL 8

A/AV

Vestur	Austur
♠ K5	♠ Á842
♥ K84	♥ ÁG
♦ K863	♦ 5
♣ 9642	♣ ÁK10873

Bjarni	Þröstur
-	1 ♣
1 G = 6-10	2 ♠
3 ♣ = 8-10	3 ♥ = <i>styrkur</i>
3 G	Pass

Guðmundur	Helgi
-	1 ♣
1 G = 8-13	2 ♣ = <i>spurning</i>
2 ♠ = 8-10 <i>án háltar</i>	2 G = <i>spurning</i>
3 ♥ = 2344	4 ♣ = <i>liturinn settur</i>
4 ♦ = <i>fyrirstaða</i>	4 ♥ = <i>fyrirstaða</i>
4 ♠ = <i>fyrirstaða</i>	4 G = <i>RKC</i>
5 ♣	6 ♣ /

**Bjarni** vissi að tígulkóngurinn var vont spil í slemmu og sló af í 3G við 3♥. Sem var kannski óþarfi, því hann átti þó tvo góða kónga og gullvægt tvíspil í spaða.

6♣=10, 5♣=7, 4G/V=7, 3G/A=5, 5G/V=4, 4G/A=2

*Bjarni og Þröstur: 43 stig.*

*Guðmundur og Helgi: 47 stig.*

## SPIL 9

A/Enginn

Vestur	Austur
♠ K5	♠ ÁD6
♥ Á83	♥ KD104
♦ KD8743	♦ G1062
♣ K5	♣ D10

Bjarni	Þröstur
-	1 ♦
2 ♦ = <i>krafa</i>	2 G = 14-16
4 ♦	4 ♥
4 ♠	5 ♦ /

Guðmundur	Helgi
-	1 ♦
2 ♦ = <i>geimkrafa</i>	2 G
3 ♦	3 ♥
3 ♠	4 ♦
5 ♦	Pass

**Tíu** stig hjá báðum þörum, sem tókst að stansa í besta geimi eftir að hafa þreifað aðeins eftir slemmu.

5♦=10, 4♥=9, 4♦=5, 3♥=5, 1G=4, 2G=3, 3G=2

*Bjarni og Þröstur: 53 stig.*

*Guðmundur og Helgi: 57 stig.*

## SPIL 10

A/Allir

Vestur	Austur
♠ K76542	♠ Á
♥ G73	♥ ÁKD4
♦ 8	♦ Á73
♣ D65	♣ ÁKG103

Bjarni	Þröstur
-	1 ♣ = <i>hugrekki</i>
2 ♠ = <i>veikt</i>	4 ♣ = <i>spaðasamþykkt!</i>
4 ♦ = <i>fyrirstaða</i>	4 ♥ = <i>fyrirstaða</i>
5 ♣	6 ♣ /

Guðmundur	Helgi
-	1 ♣
1 ♦	1 ♥ = <i>tvírett, krafa</i>
1 ♠ = <i>skyldusvar</i>	3 G = <i>"redding"</i>
6 ♠	Pass

**Hér** skorti keppendur réttu vopnin, eða æfingu til að fara með þau.

7♣=10, 7♥=8, 6G=6, 6♣=6, 6♥=5, 5♣=2, 5♥=2, 5G=2, 4♠=2, 6♠=2, 5♠=1

*Bjarni og Þröstur: 59 stig.*

*Guðmundur og Helgi: 59 stig.*



# HM Í MONTE CARLO



**H**íð glæsilega og sögufræga spila-  
vítí í Monte Carlo í Mónakó var  
vettvangur HM 2003, þar sem  
keppt var um fjóra heimsmeistaratitla  
fyrstu tvær vikur nóvembermánaðar. Vel  
viðeigandi umgjörð fyrir þá dramatísku  
atburði sem vændum voru. Baráttan um  
*Bermudaskálin* var háð í 36. sinn og  
eins og svo oft áður voru það Ítalir og  
Bandaríkjamenn sem léku til úrslita. Sá  
leikur fór fram úr villtustu væntingum  
og verður meginefni þessarar greinar.  
Í kvennaflokki var keppt um *Feneyja-  
bikarinn* í 16. sinn, í annað sinn í flokki  
*öldunga*, auk þess sem fram fór opin  
þverþjóðleg sveitakeppni: *Transnational  
Teams*.

## Keppnisformið

Áð morgni mánudagsins 3. nóvember tóku  
keppendur fyrstu spilin úr bökkunum. Í opna  
flokki hófu 22 þjóðir keppni, 18 í kvenna-  
flokki og 15 í flokki öldunga. Til að byrja  
með spiluðu þjóðirnar innbyrðis einfalda  
umferð af 16 spila leikjum. Raðkeppnin réð  
úrslitum í öldungaflokki, en markaði aðeins  
upphaf baráttunnar í hinum flokkunum  
tveimur, þar sem átta efstu sveitirnar héldu  
áfram í næsta áfanga, langa útsláttarleiki.  
Raðkeppnin stóð yfir í 6 daga, en þegar  
henni lauk hófst opna þverþjóðlega sveita-  
keppnin, samhliða 8-liða úrslitum opna  
flokksins og kvennaflokksins.

## Öldungamótið

Bandaríkjamenn voru sigursælir í Monte  
Carlo: unnu þrenn gullverðlaum. Fyrsta  
gulllið fengu "öldungarnir" Steve Robinson,  
Kit Woolsey, Roger Bates, Gaylor Kastle,  
Grant Baze og Garey Hayden. Þeir hlutu  
285 stig (19.00 að meðaltali úr leik), en  
helstu keppinautar þeirra voru Frakkar  
(280 stig) og B-sveit Bandaríkjanna (279.5).

## Feneyjabikarinn

Kvennaflokkinn unnu Wei-Sender, Betty Ann  
Kennedy, Jill Levin, Sue Picus, Tobi Sokolow  
og Janice Seamon-Molson. Bandarísku  
konurnar spiluðu til úrslita við Kinverja,  
lærimeyjar Wei Sender, hinnar kinværsk-  
ættuðu fyrrum eiginkonu C.C. Wei, sem  
smíðaði Precisionkerfið.

"Þetta eru allt nemendur mínir," sagði Wei,  
"en sem betur fer hef ég ekki kennt þeim  
alveg nógu mikið." Þær bandarísku unnu  
úrslitaleikinn með 19.3 IMPa mun, eða  
229.3-210.

## Transnational Teams

74 sveitir tóku þátt í opnu sveitakeppninni.  
Eftir raðkeppni með stutlum leikum, spiluðu  
8 efstu til úrslita. Lið frá Ítalíu (Lavazza)  
og Kína (Zhuang) spiluðu úrslitaleikinn og  
unnu Ítalir öruggan sigur. Lavazza-sveitin  
var þannig skipuð: Buratti, Lanzarotti,  
D'Avossa, Ferraro, Mariani og Burgay.

## Bermudaskálin

Enn á ný rann Bermudaskálin úr greipum  
Ítala, sem hafa ekki hampað skálinni síðan  
1975. Hin "nýbláa" ofursveit Ítala hefur  
unnið alla heimsins titla á undanföllum  
árum og sumu oft, nema þennan eina. Ekki  
mátti þó miklu muna í þetta sinn, aðeins  
einn impi aðskildi fjandvinina í lokin eftir  
hreint ótrúlegar sviftingar á lokaspættinum:  
Bandaríkjamenn unnu Bermudaskálinu í 17.  
sinn í Monte Carlo með því að leggja Ítali í  
128 spila leik 304-303!

## Stóru spilin

Úrslitaleikurinn var bráðskemmtilegur,  
spennandi og fullur af fjörugum spilum. Á  
næstu níu blaðsíðum verður farið yfir helstu  
hápunktana. Persónur og leikendur eru hinir  
nýkrýndu heimsmeistarar: Bob Hamman,  
Paul Soloway, Eric Rodwell, Jeff Meckstroth,  
Nick Nickell og Richard Freeman, og svo  
Ítalirnir Lorenzo Lauria, Alfredo Versace,  
Giorgio Duboin, Norberto Bocchi, Fulvio  
Fantoni og Claudio Nunes.

## "Carry over"

Lið Ítalíu og Bandaríkjanna mættust í  
síðustu umferð raðkeppinnar, þegar báðar  
sveitir voru öruggar áfram í 8-liða úrslit.  
Bandaríkjamenn unnu þá viðureign 24-6 og  
sá sigur gaf þeim 13 IMPa forskot (carry  
over) á Ítali í innbyrðis leik sveitanna síðar.  
Ítalir hafa slæma reynslu af framfærðum  
stigum. Á HM í París 2001 töpuðu þeir fyrir  
Noregi í undanúrslitum vegna fyrri skulda úr  
raðkeppninni, og í Bermuda 2000 féllu þeir  
út í 8-liða úrslitum af sömu ástæðu. Sagan  
hefur tilhneigingu til að endurtaka sig og  
líðum hugnaðist illa að hefja úrslitaleikinn  
með 13 stiga skuld á bakinu.

### Bermudaskálin

Raðkeppnin	Stig	Meðaltal
1 Ítalía	405	19.29
2 Bandaríkin I	385.5	18.36
3 Póland	371.5	17.69
4 Noregur	364	17.33
5 K. Taipei	356.5	16.98
6 Ástralía	351.5	16.74
7 Búlgaría	351	16.71
8 Bandaríkin II	339	16.14
9 Kanada	338	16.10
10 Indónesía	323.5	15.40
11 Egyptaland	318	15.14
12 Kína	309	14.71
13 Svíþjóð	305	14.52
14 Mónakó	296	14.10
15 Spánn	288	13.71
16 Nýja Sjáland	282	13.43
17 Uruguay	278	13.24
18 Brasilía	274	13.05
19 Indland	271	12.90
20 Pakistan	270	12.86
21 Suður Afríka	232	11.05
22 Bermuda	161	7.67

Átta liða úrslit (96 spil)	IMP	IMP
Ítalía Ástralía	206.5	131
USA I K. Taipei	237	104
USA II Póland	194	110
Noregur Búlgaría	207.5	136

Undanúrslit (96 spil)	IMP	IMP
Ítalía Noregur	223	187.7
USA I USA II	221.5	134

Úrslit (128 spil)	IMP	IMP
USA I Ítalía	304	303

### Feneyjabikarinn

Raðkeppnin	Stig	Meðaltal
1 Kína	318	18.71
2 Bandaríkin I	309	18.18
3 Bandaríkin II	308	18.12
4 Holland	286	16.82
5 Þýskaland	282	16.59
6 K. Taipei	273.5	16.09
7 Kanada	267	15.70
8 Svíþjóð	255	15.00
9 Indónesía	253	14.88
10 England	251	14.76
11 Ítalía	246	14.47
12 Brasilía	242	14.24
13 Venezuela	228.5	13.44
14 Indland	225.5	13.26
15 Suður Afríka	224	13.18
16 Ástralía	219	12.98
17 Egyptaland	188.5	11.09
18 Pakistan	175	10.29

Átta liða úrslit (96 spil)	IMP	IMP
Kína Svíþjóð	266	187
USA I K. Taipei	271.5	205.5
USA II Kanada	234	175
Holland Þýskaland	232	195

Undanúrslit (96 spil)	IMP	IMP
Kína Holland	279	202
USA I USA II	251.5	179

Úrslit (96 spil)	IMP	IMP
USA I Kína	229.3	210

## Fyrsta lota

Opinn salur: Nickell/Freeman - Lauria/Versace  
Lokaður salur: Fantoni/Nunes - Meckstroth/Rodwell

Lauria og Versace fóru af stað með miklum látum. Í fyrsta spilinu keyrðu þeir í hart geim sem Meckstroth og Rodwell lyktuðu ekki af. Spilið lá til vinnings og Ítalir unnu sín fyrstu stig. En sagnharkan kom þeim í koll strax í næsta spili:

Spil 2	NORÐUR		
	♠ 764		
	♥ KG976	A/NS	
	♦ KD8		
	♣ 103		
VESTUR		AUSTUR	
♠ 109852		♠ ÁKG3	
♥ ÁD82		♥ 10	
♦ Á106		♦ 974	
♣ 5		♣ KDG87	
	SUÐUR		
	♠ D		
	♥ 543		
	♦ G532		
	♣ Á9642		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Nickell	Lauria	Freeman
-	-	1 ♣	Pass
1 ♠	Pass	3 ♠	Pass
4 ♣	Pass	4 ♥	Pass
4 ♠	Pass	5 ♣	Pass
6 ♣ ///			

Þetta eru miklar meldingar á lítill spil, en þó verður að játa að ekki þarf annað en færa ♥D vesturs yfir í tígulinn til að gera slemmuna allgóða. Nickell kom út með ♦K og Versace fór tvo niður. Meckstroth og Rodwell létu 4♠ duga: 11 stig til Bandaríkjana.

Fátt dró til tíðinda fram að 8. spili, en þá brenndu Nickell og Freeman af slemmu, sem Fantoni og Nunes tóku. Ellefu stig til Ítala. Og í næsta spili komu 10 stig í viðbót þegar Lauria og Versace sleiktu upp enn eitt lapþunna geimið:

Spil 9	NORÐUR		
	♠ G42		
	♥ K85	N/AV	
	♦ K10753		
	♣ Á5		
VESTUR		AUSTUR	
♠ 10987		♠ ÁK653	
♥ DG2		♥ Á74	
♦ 82		♦ D4	
♣ KG96		♣ D72	
	SUÐUR		
	♠ D		
	♥ 10963		
	♦ ÁG96		
	♣ 10843		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Nickell	Lauria	Freeman
-	Pass	1 ♠	Pass
2 G *	Pass	3 G	Pass
4 ♠ ///			

Það vantar mikið upp á að 4♠ séu á borðinu. Vörnin á þrjá toppslagi og gæti fengið slag á tromp og hjarta til viðbótar. Útspilið var ♥10 - drottning, kóngur og ás. Lauria lagði niður ♠Á og spilaði svo laufi á gosa blinda og ás norðurs. Nickell spilaði hjartafimmi til baka, sem Lauria tók í borði og svínaði fyrir spaðagosann. Freeman henti tígli í þann slag og svo hjarta í spaðakónginn, sem kom næst. Þessi afköst túlkaði Lauria þannig að suður hefði byrjað með 1444 frekar en fimmlit í tígli eða hjarta. Hann spilaði enn trompi, fór heim á laufdrottningu og spilaði síðasta trompinu. Báðir hentu tígulum í síðustu trompin og Lauria varð staðfastari í þeirri trú sinni að suður ætti fjórlit í laufi. Hann spilaði laufi og svínaði níunni: 620 til Ítala. Hitt borðið:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rodwell	Fantoni	Meckstroth	Nunes
-	1 G	Dobl	Pass
Pass	Redobl *	Pass	2 ♣
Dobl	2 ♦	Pass	Pass
2 ♠	Pass	3 ♠ ///	

Fantoni vekur á minigrandi (9-12) og fer svo í flóttaleiðangur með redobli.

Í síðasta spili fyrstu lotunnar tók Nunes dauflega afstöðu í sögnum, sem gafst ekki vel:

Spil 16	NORÐUR		
	♠ Á10983		
	♥ DG7	V/AV	
	♦ 96542		
	♣ -		
VESTUR		AUSTUR	
♠ G654		♠ KD2	
♥ 54		♥ ÁK962	
♦ -		♦ 107	
♣ G1097542		♣ KD6	
	SUÐUR		
	♠ 7		
	♥ 1083		
	♦ ÁKDG83		
	♣ Á83		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rodwell	Fantoni	Meckstroth	Nunes
Pass	Pass	1 ♣ *	Pass
1 ♦ *	1 ♠	1 G	Dobl
3 ♣	Pass	3 G	Pass
4 ♣ ///			

Stíllinn er að koma strax inn á sterka laufið með veik spil, svo kannski taldi Nunes sig eiga of mikið til að melda beint við 1♣. En hann hefði að skaðlausu mátt segja 4♦ við 4♣. Vörnin tók stunguna í spaða og Rodwell fékk 10 slagi. Opni salurinn:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Nickell	Lauria	Freeman
Pass	Pass	1 ♥	2 ♦
Pass	5 ♦ ///		

Ellefu auðveldir slagir þegar vestur átti ekkert tromp fyrir þriðja hjartað.

Úrslit fyrstu lotu	Staðan
Bandaríkin	32 IMP
Ítalía	43 IMP

## Önnur lota

Opinn salur: Meckstroth/Rodwell - Fantoni/Nunes  
Lokaður salur: Bocchi/Duboin - Nickell/Freeman

Spilin í 2. lotu voru frekar hógvær, mikið um bútaþóf, þar sem 2-3 stig voru í hlífi. Lotan gat þó af sér tvær tveggja stafa sveiflur og lentu báðar í dálki Ítala:

Spil 21	NORÐUR		
	♠ ÁD976		
	♥ 108	N/NS	
	♦ 6		
	♣ Á10982		
VESTUR		AUSTUR	
♠ 54		♠ G10	
♥ DG5		♥ ÁK9763	
♦ KD432		♦ G98	
♣ 765		♣ KD	
	SUÐUR		
	♠ K832		
	♥ 42		
	♦ Á1075		
	♣ G43		

Opinn salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nunes	Rodwell	Fantoni	Meckstroth
-	1 ♠	2 ♥	3 ♠
Pass	4 ♠ ///		

Lokaður salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nickell	Bocchi	Freeman	Duboin
-	1 ♠	2 ♥	2 G *
3 ♥	4 ♦	Pass	4 ♠ ///

Sami samningur í báðum söllum. Laufið er lykilliturinn og við sjáum að tvisvíning þar leiðir til taps. Í lokaða salnum tók Freeman fyrstu tvo slagi á hjarta og skipti svo yfir í laufkóng. Ekki beint lamandi vörn, svo notað sé lýsingarorð Ron Andersens heitins.

Vörnin gegn Rodwell var lítið betri. Fantoni tók ♥ÁK og spilaði þriðja hjartanu í tvöfalda eyðu, sennilega vegna þess að hann mislas hjartalengd makkers. Nú er tvisvíningin í laufi óþörf ef sagnhafi trompar heima og hendir laufi úr borði. En Rodwell tók Fantoni alvarlega og sá ýmis vandkvæði á því að trompa út laufið í slæmri legu (bara spaðinn 3-1 getur skapað vandræði). Eftir langa ihugun ákvað hann að þiggja engan greiða (sem gat verið bjarnargreiði), henti tígli úr borði og tvisvínaði síðar í laufinu: einn niður og 12 undarleg stig til Ítala.

Hin stórsveiflan var tiltölulega auðmælanleg slemma sem Meckstroth og Rodwell misstu, en Bocchi og Duboin tóku.

Úrslit annarrar lotu	Staðan
Bandaríkin	14 IMP
Ítalía	45 IMP
	59 IMP
	88 IMP

## Þriðja lota

Opinn salur: Bocchi/Duboin - Hamman/Soloway  
Lokaður salur: Meckstroth/Rodwell - Lauria/Versace

Fyrir leikinn spáðu flestir Ítölum sigri og miðað við þróunina í fyrstu lotunum virtist sú spá ætla að rætast. Eftir að hafa byrjað með 13 stig í mínus, höfðu Ítalir náð 29 impa forskoti. Hamman og Soloway höfðu hvílt fram að þessu, en komu nú inná og mættu Bocchi og Duboin. Þriðja lotan var daufleg og þær sveiflur sem sköpuð byggðust á legunni í spilum sem voru á mörkum þess að vera bútur eða geim.

Spil 44

NORÐUR  
♠ Á8762  
♥ 62 V/NS  
♦ 76432  
♣ Á

VESTUR  
♠ G54  
♥ K975  
♦ DG5  
♣ KD6

AUSTUR  
♠ K9  
♥ ÁG108  
♦ Á8  
♣ G8532

SUÐUR  
♠ D103  
♥ D43  
♦ K109  
♣ 10974

Lokaður salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Rodwell	Lauria	Meckstroth
1 ♣	1 ♠	2 ♣	2 ♠
Pass	Pass	3 ♥	Pass
4 ♥ ///			

Lauria fann ekki hjartadrottninguna í 4♥ og fór einn niður. Í opna salnum sagði Hamman pass í byrjun og Soloway vakti á 1G:

Opinn salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hamman	Bocchi	Soloway	Duboin
Pass	Pass	1 G	Pass
3 G ///			

Þrjú grönd er vondur samningur með spaða út, en eftir þessar lokuðu sagnir kom Duboin einfaldlega út í lengsta lit - með lauftiuna. Soloway lét lítið úr borði og ás Bocchis sló vindhögg. Nú er útlitið bjart fyrir sagnhafa. Bocchi skipti yfir í spaða og Duboin fékk slaginn á drottninguna. Hann spilaði spaðatíu og Bocchi dúkkaði til að halda sambandinu opnu. Soloway horfði á 8 slagi og átti möguleika bæði í tígli og hjarta. Ein tæknileg leið væri að toppa fyrst hjartað og svína svo fyrir tígulkóng, en Soloway var býsna viss um að suður væri með tígulkónginn: norður hafði sýnt tvo ása og fimmlit í spaða, en þó passað í byrjun. Soloway tók laufhjónin og spilaði tíguldrottningu, rétt síðona til kanna viðbrögðin, en tók á ásin. Hirti svo tvo laufslagi í viðbót. Bocchi henti alltaf tígulum svo Soloway hafði fullkomna talningu á spilinu. Hann vissi sem sagt að suður átti þrilit í hjarta og norður tvilit. Þar með ætti íferðin í hjartað að vera einföld, en Soloway þótti grunsam-

legt hvað Bocchi var viljugur til að upplýsa um skiptinguna og ályktaði að maður væri í mysunni: hann spilaði hjartagosa (aftur til að kanna viðbrögðin), en yfirdrap með kóng og svo svínaði tíunni í bakaleiðinni. Og fór tvo niður. Svólitið skritið.

Úrslit þriðju lotu

Bandaríkin	IMP	Staðan	IMP
Ítalía	20	79	IMP
	21	109	IMP

## Fjórða lota

Opinn salur: Fantoni/Nunes - Meckstroth/Rodwell  
Lokaður salur: Hamman/Soloway - Lauria/Versace

Fjórða lotan var lota hinna miklu umskipta. Ítalir höfðu unnið þrjár fyrstu (þá þriðju reyndar með aðeins einum impa), en í fjórðu lotu sneru Bandaríkjamenn blaðinu við. Og blés þó ekki byrlega fyrir þeim í byrjun:

Spil 50

NORÐUR  
♠ ÁD3  
♥ DG1032 A/NS  
♦ -  
♣ Á10764

VESTUR  
♠ 109654  
♥ 64  
♦ G10764  
♣ 3

AUSTUR  
♠ 872  
♥ ÁK5  
♦ D98532  
♣ 2

SUÐUR  
♠ KG  
♥ 987  
♦ ÁK  
♣ KDG985

Opinn salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rodwell	Fantoni	Meckstroth	Nunes
-	-	Pass	1 ♣
Pass	3 ♣	3 ♦	4 ♣
5 ♦	Pass	Pass	6 ♣
6 ♦	Pass	Pass	Dobl ///

Lokaður salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Hamman	Lauria	Soloway
-	-	1 ♦	1 G
3 ♦	5 G	Pass	6 ♣
Pass	Pass	Dobl ///	

Rodwell var vissulega vorkunn að fórn í 6♦ með gosann fimmta í lit makkers og ekkert annað. Fórnin kostaði sitt (1100), en hitt var þó verra að laufslemman var vonlaus. Á hinu borðinu doblaði Lauria 6♣ í viðleitni til að vísa makker á rétta útpilið, en Versace veðjaði á spaðann. Sem kom þó ekki að sök, því sagnhafi gat hvergi losað sig við tapslagina tvo í hjarta. Einn niður og 16 stig til Ítala, sem nú leiddu með 46 IMPum.

En lotan var rétt að byrja. Meckstroth og Rodwell sýndu engin streitumerki eftir þessar ófarir og tóku þegjandi og hljóðalaust til við næsta spil:

Spil 51

NORÐUR  
♠ KD43  
♥ 32 S/AV  
♦ G10942  
♣ ÁG

VESTUR  
♠ 7  
♥ 1087  
♦ K63  
♣ K109863

AUSTUR  
♠ ÁG  
♥ 9654  
♦ D75  
♣ D742

SUÐUR  
♠ 1098652  
♥ ÁKDG  
♦ Á8  
♣ 5

Opinn salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rodwell	Fantoni	Meckstroth	Nunes
-	-	-	1 ♠
Pass	2 ♦	Pass	2 ♥
Pass	2 ♠	Pass	2 G
Pass	3 ♣	Pass	3 ♠
Pass	4 ♣	Pass	4 ♦
Pass	4 ♠	Pass	4 G
Pass	5 ♣	Pass	5 ♦
Pass	6 ♠ ///		

Lokaður salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Hamman	Lauria	Soloway
-	-	-	1 ♠
Pass	4 ♠ ///		

Það er engin leið að hrópa húrta fyrir sögnum, hvorki í opna eða lokaða salnum. Spilið er augljóslega vandasant, þar sem lyklatríðið er að komast að því að tapslagur á tígul er óhjákvæmilegur. Fantoni og Nunes tekst það ekki, þrátt fyrir að nota sagnrýmið vel. En hitt er lítið skárra að göslast í geim og afskrifa slemmu fyrirfram. Heppnin var hér bandi Bandaríkjamanna og þeir unnu 11 stig.

Spil 54

NORÐUR  
♠ G543  
♥ 2 A/AV  
♦ 6542  
♣ D986

VESTUR  
♠ D10862  
♥ D876  
♦ KG  
♣ G10

AUSTUR  
♠ Á7  
♥ K103  
♦ Á10  
♣ ÁK7532

SUÐUR  
♠ K9  
♥ ÁG954  
♦ D9873  
♣ 4

Opinn salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rodwell	Fantoni	Meckstroth	Nunes
-	-	2 G	Pass
3 ♣ *	Pass	3 G ///	

Precisionkerfi Meckstroths og Rodwells er stórfurðulegt og það blasir ekki við hvers vegna þeir þurfa að opna á 2G með slík spil - með átta kontról og sexlit. En niðurstaðan var heppileg: Nunes valdi að spila út hjarta gegn 3G og Meckstroth tók tíu slagi.



Lokaður salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Hamman	Lauria	Soloway
-	-	1 ♣	2 G *
Dobl	4 ♦	Dobl	Pass
4 ♠	Pass	5 ♣ ///	

Lauria vekur á *semi*-eðlilegu laufi og Soloway stingur sér inn á 2G til að sýna rauðu litina. Hamman er þá vel í sveit settur til að hindra með 4♦ og þar með eru AV dæmdir í 5♣. Sá samningur er vita vonlaus og Lauria fór einn niður: 12 stig til Bandaríkjamanna.

Bandaríkjamenn fengu önnur 12 stig í spili 56 þegar Meckstroth fékk á sig vægari vörn en Lauria í 4♠ á hættunni. Og 10 stig í viðbót komu hér:

Spil 59

NORÐUR		S/Enginn	
♠ 9			
♥ ÁD862			
♦ 107			
♣ ÁK643			

VESTUR	AUSTUR
♠ KD543	♠ G72
♥ G7	♥ 93
♦ K832	♦ G654
♣ DG	♣ 8752

SUÐUR	
♠ Á1086	
♥ K1054	
♦ ÁD9	
♣ 109	

Opinn salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rodwell	Fantoni	Meckstroth	Nunes
-	-	-	1 G
2 ♦ *	Dobl	Pass	2 ♥
Pass	3 ♦	Pass	3 ♠
Pass	4 ♥ ///		

\* tígull og hálitur

Lokaður salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Hamman	Lauria	Soloway
-	-	-	1 G
Pass	2 ♦ *	Pass	2 ♥
Pass	2 ♠ *	Pass	3 ♥
Pass	4 ♣	Pass	4 ♦
Pass	4 ♠	Pass	4 G
Pass	5 ♣	Pass	5 ♦
Pass	5 ♠	Pass	6 ♥ ///

Innákoma Rodwells á 2♦ slær Fantoni og Nunes út af laginu. Doblíð er til úttekta og Nunes sýnir hjartalit í veika grandinu. Þrír tíglar er óskilgreind krafa, sem túlkast sem slemmuáhugi í hjarta í næsta hring, en þá er fjórða þrepið uppurið og ekkert sjálfsagt fyrir suður að halda áfram. Nunes fékk út tígul upp í gaffalinn og þar með 13 slagi.

Hamman og Soloway fengu frið, enda grand-opnunin heldur sterkari í þeirra kerfi. Hamman yfirfærir í hjarta og svo í lauf með 2♠. Eftir ítarlegar rannsóknir á fjórða og fimmta þrepi er Hamman farinn að gæla við sjö, en Soloway heldur þeim á jörðinni. Tólf slagir og 10 stig.

Og strax í næsta spili fengu Ítalir enn eitt kjaftshöggið, en nú voru það Lauria og Versace sem brugðust:

Spil 60

NORÐUR		AUSTUR	
♠ G1092		♠ K763	
♥ D863	V/NS	♥ Á	
♦ 6		♦ KG105	
♣ K764		♣ ÁDG2	

SUÐUR	
♠ D854	
♥ 542	
♦ D9743	
♣ 3	

Opinn salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rodwell	Fantoni	Meckstroth	Nunes
1 ♥	Pass	2 ♣ *	Pass
3 ♣	Pass	4 ♠ *	Pass
5 ♦	Pass	6 ♣ ///	

Lokaður salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Hamman	Lauria	Soloway
1 ♥	Pass	2 ♣ *	Pass
2 ♥	Pass	2 G	Pass
3 ♣	Pass	3 G ///	

Hjá báðum þörum er svarið á 2♣ biðsögn (*relay*) og krafa í geim. Rodwell sýnir strax laufflitinn, en Versace melder sig niður með 2♥ fyrst, enda spannar opnunin á 1♥ víðara punktabíl hjá Ítölunum. Stökk Meckstroths í 4♠ er *Kick-Back*, það er að segja *RKC* með lauf sem tromp.

Slemman er góð og vinnst auðveldlega þrátt fyrir 4-1 leguna í trompi. Meckstroth fékk út tígul upp í gaffalinn. Hann fór inn í borð á ♠Á og spilaði laufi á drottningu. Trompaði spaða, spilaði aftur laufi og Fantoni lét kónginn. En spilið var vandalaust: Meckstroth drap, spilaði trompi á tíu blinds og fór heim á ♥Á til að taka síðasta trompið: 920 og 10 stig - fimmta tveggja stafa sveiflan sem Bandaríkjamenn unnu í þessari lotu.

Úrslit fjórðu lotu

	Staðan
Bandaríkin	77 IMP
Ítalía	31 IMP
	156 IMP
	140 IMP



Ítalir bera saman: Lorenzo Lauria, Norberto Bocchi, Giorgio Duboin og Alfredo Versace.

Fimmta lota

Opinn salur: Meckstroth/Rodwell - Lauria/Versace  
Lokaður salur: Bocchi/Duboin - Nickell/Freeman

Fjórða lotan var Ítölum mikið áfall og breytti stemningunni í leiknum. Áður höfðu Ítalir haft yfirhöndina og spilað af miklu sjálfs-trausti og sú stund var nærri því runnin upp að það yrði handavinna fyrir þá að klára leikinn. En nú höfðu orðið hlutverkaskipti. Þrátt fyrir hræðilega byrjun (spil 50) höfðu Bandaríkjamenn halað inn 46 stig og leiddu nú með 16. Ítalir voru særðir og þurftu tíma til að sleikja sár sín áður en þeir gætu barist aftur af fullum krafti.

Fimmta lotan einkenndist af nokkurri tauga-veiklun í liði Ítala. Bocchi og Duboin fóru í afleit fjögur hjörtu í fyrsta spili, þar sem vörnin átti fjóra toppslagi og ýmislegt til vara. En legan var góð og samningurinn fór aðeins einn niður. Í næsta spili lentu bæði NS-pörin í slæmri legu í eðlilegu hjartageimi:

Spil 66

NORÐUR		AUSTUR	
♠ -		♠ K10952	
♥ ÁKD764	A/NS	♥ 8	
♦ KG32		♦ D94	
♣ 763		♣ ÁD95	

SUÐUR	
♠ ÁD863	
♥ 2	
♦ 1065	
♣ KG104	

Opinn salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Rodwell	Lauria	Meckstroth
-	-	1 ♠	Pass
2 ♠	4 ♥	Pass	Pass
Dobl ///			

Lokaður salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nickell	Bocchi	Freeman	Duboin
-	-	1 ♠	Pass
2 ♠	3 ♥	Pass	3 G
Dobl	Pass	Pass	4 ♣
Pass	4 ♥	Pass	Pass
Dobl ///			

Útspilið var spaði á báðum borðum og drottning blinds átti þann slag. Bocchi henti laufi heima og aftur í spaðaásinn. Spilaði svo tígli á gosann: Tveir niður.

Rodwell henti hins vegar tveimur tígum í ♠ÁD. Tók svo tvisvar tromp, spilaði laufi á gosann og tígli úr borði. Nú var Versace hræddur og þorði ekki annað en rjúka upp með tígulásinn. Aðeins einn niður og 7 stig til Bandaríkjamanna.



Meckstroth og Rodwell höfðu heppnina með sér í þessu spili:

<i>Spil 68</i>		NORÐUR	
	♠	ÁK98763	
	♥	DG7	V/Allir
	♦	42	
	♣	5	
VESTUR		AUSTUR	
	♠	D	
	♥	Á643	
	♦	G65	
	♣	D9864	
SUDUR			
	♠	1054	
	♥	K9852	
	♦	D9	
	♣	ÁKG	

*Opinn salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Rodwell	Lauria	Meckstroth
Pass	1 ♠	Pass	2 ♥
3 ♦	3 ♥	Pass	4 ♥ ///

*Lokaður salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nickell	Bocchi	Freeman	Duboin
2 ♦	2 ♠	3 ♦	4 ♠ ///

Fjögur hjörta eru skotheld, en 4♠ fara niður á hjartastungu! Heldur lukkuleg 12 stig.

<i>Spil 70</i>		NORÐUR	
	♠	KG3	
	♥	D83	A/AV
	♦	ÁK5	
	♣	KD43	
VESTUR		AUSTUR	
	♠	764	
	♥	K654	
	♦	DG7	
	♣	1098	
SUDUR			
	♠	ÁD1098	
	♥	109	
	♦	1083	
	♣	652	

*Opinn salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Rodwell	Lauria	Meckstroth
-	-	Pass	Pass
Pass	1 ♣	Pass	1 ♦
Pass	1 G	Pass	2 ♥ *
Pass	2 ♠	Pass	3 G
Pass	4 ♠ ///		

Þrjú grönd er léttari samningur, en 4♠ eiga að vinnast úr því lafið fellur 3-3 og ásinn í vestur. Rodwell fékk út tromp. Hann notaði innkomur blinds til að spila tvisvar laufi að hjónunum og henti síðar tígli úr blindum niður í þrettánda lafið. Tíu slagir.

*Lokaður salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nickell	Bocchi	Freeman	Duboin
-	-	Pass	Pass
Pass	2 ♦ *	Pass	2 ♥ *
Pass	2 ♠	Pass	3 ♣ *
Pass	4 ♠ ///		

Opnun Bocchis á 2♦ sýnir jafna hönd með 17-18 punkta, og 2♥ á móti er yfirfærsla í spaða. Þrjú lauf Duboins sýnir skiptinguna: 5♠ og 332 til hliðar.

Freeman kom út með ♦D. Bocchi drap, spilaði trompi á blindan og laufi á kóng. Hann tók svo trompin, en einhverra hluta vegna hætti hann nú við lafið og spilaði hjarta?! Nickell rauk upp með ásinn og spilaði tígli: Einn niður og 10 stig til Bandaríkjamanna.

Það var loksins komið að Ítölum að vera heppnir:

<i>Spil 71</i>		NORÐUR	
	♠	KD7543	
	♥	-	S/Allir
	♦	985	
	♣	KG76	
VESTUR		AUSTUR	
	♠	Á109	
	♥	ÁD9542	
	♦	ÁG72	
	♣	-	
SUDUR			
	♠	2	
	♥	1086	
	♦	K64	
	♣	D98543	

*Opinn salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Rodwell	Lauria	Meckstroth
-	-	-	Pass
Pass	2 ♠	Dobl	Pass
2 G *	Pass	3 ♥	Pass
4 ♣ *	Pass	4 ♦ *	Pass
4 ♥ ///			

*Lokaður salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nickell	Bocchi	Freeman	Duboin
-	-	-	Pass
Pass	1 ♠	2 ♥	Pass
4 ♥	Pass	4 ♠ *	Pass
5 ♣ *	Pass	5 ♥	Pass
6 ♥ ///			

Slemman er klippt og skorið tígulsvíning og kóngurinn var í liði hinna bláklæddu í þetta sinn: 13 stig til Ítalíu.

Og aftur voru Ítalir heppnir hér:

<i>Spil 73</i>		NORÐUR	
	♠	Á4	
	♥	Á96	N/AV
	♦	2	
	♣	ÁK109875	
VESTUR		AUSTUR	
	♠	K8	
	♥	KD1082	
	♦	Á986	
	♣	43	
SUDUR			
	♠	1093	
	♥	G4	
	♦	KG75	
	♣	DG62	

*Opinn salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Rodwell	Lauria	Meckstroth
-	1 ♣	1 ♥	Dobl
1 ♠	2 ♣	Dobl *	3 ♣
4 ♠	5 ♣ ///		

*Lokaður salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nickell	Bocchi	Freeman	Duboin
-	1 ♣	1 ♥	1 ♠ *
Dobl	2 ♥	Pass	3 ♣
3 ♥	3 ♠	Pass	4 ♣
Pass	4 ♦	Pass	5 ♣ ///

\* jöfn skipting; dobl væri spaðalitur

Þetta er spurning um útspil. Freeman kom út með hjartakóng, sem gaf Bocchi tíma til að spila tígli og henda svo spaða niður í tígulkóng. Í opna salnum lagði Lauria niður spaðakónginn í byrjun og tryggði vörninni þar með þrjá slag: 10 stig til Ítala.

*Úrslit fimmtu lotu*

	Staðan
Bandaríkin	40 IMP
Ítalía	31 IMP
	196 IMP
	171 IMP

## Sjötta lota

*Opinn salur: Meckstroth/Rodwell - Lauria/Versace*  
*Lokaður salur: Bocchi/Duboin - Hamman/Soloway*

Heppnisspilin sléttuðust út í fimmtu lotunni og Bandaríkjamenn bættu við níu stigum á heldur betri spilamennsku. Forskot þeirra var nú 25 stig, sem er auðvitað ekki afgerandi þegar 48 spil biða óspiluð í bökkunum. Sjötta lotan var full af tækifærum:

<i>Spil 85</i>		NORÐUR	
	♠	G8742	
	♥	2	V/Allir
	♦	Á84	
	♣	KG72	
VESTUR		AUSTUR	
	♠	Á63	
	♥	DG4	
	♦	10973	
	♣	1084	
SUDUR			
	♠	D95	
	♥	Á9876	
	♦	5	
	♣	9653	

*Opinn salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Rodwell	Lauria	Meckstroth
1 ♦	1 ♠	2 ♦	2 ♠
Dobl *	Pass	2 G	Pass
3 G ///			

*Lokaður salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hamman	Bocchi	Soloway	Duboin
1 ♣ *	Pass	1 ♦ *	Pass
1 ♥	Pass	2 ♦	Pass
3 G ///			

Spilið er baneitrað. Þótt það blasi ekki strax við, skiptir höfuðmáli að vestur sé sagnhafi í 3G en ekki austur. Byrjum í lokaða salnum, þar sem Hamman fékk út smáan spaða frá Bocchi. Hann lét lítið úr borði og drap drottningu Duboins. Fór svo í tígulinn. Bocchi gaf tvisvar, en þegar hann fékk þriðja slaginn á tígulás spilaði hann spaðagosa. Sem Hamman dúkkaði. Enn kom spaði, en nú var sambandið slitið í vörninni og Hamman gat sótt hjartað. Sem gaf honum tíu slagi og 630.

Í opna salnum spilaði Lauria 3G í austur og fékk út spaðafimmu frá Meckstroth, þriðja hæsta. Hann stakk upp kóng og spilaði tígli. Rodwell dúkkaði einu sinni, en tók svo á ásinn og spilaði spaðagosa og stíflaði þar með litinn! Meckstroth yfirdrap með drottningu og Lauria gaf, grunlaus um tappann sem hafði myndast í spaðanum. En nú var Meckstroth inni í suður og gat skipt í lauf í gegnum ÁD. Þar með var spilið steindautt. En Lauria gafst ekki upp. Hann vissi að suður átti hjartaásinn (annars hefði komið spaði áfram) og norður þar með laufkónginn fyrir innákomu sinni. Hann stakk því upp upp laufás í þeirri veiku von að norður ætti Kx. Svo var ekki og Lauria fór tvo niður: 13 stig til Bandaríkjamanna.

*Spil 87*

NORÐUR		
♠	ÁG2	
♥	106	A/AV
♦	ÁDG32	
♣	D103	
VESTUR		AUSTUR
♠	10764	♠ -
♥	KG2	♥ 83
♦	106	♦ K8754
♣	K965	♣ ÁG8742
SUDUR		
♠	KD9853	
♥	ÁD9754	
♦	9	
♣	-	

*Opinn salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Rodwell	Lauria	Meckstroth
-	-	Pass	1 ♠
Pass	2 ♦	Pass	2 ♥
Pass	4 ♠ ///		

Meckstroth tók rólegan pól í hæðina að halda ekki áfram við 4♠, enda var hann gramur þegar blindur kom upp og flýtti sér spila: trompaði laufútspilið, spilaði ♥Á og hjarta, og lagði upp á tólf slagi. Versace var ekki ánægður með það - sagðist myndu spila þriðja hjartanu, sem sagnhafi hlýti að trompa hátt í borði og þá fengi hann slag á tromp. "Já, já; allt í lagi," sagði Meckstroth, enda rétt sama hvort hann fengi 450 eða 480 fyrir spilið.

*Lokaður salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hamman	Bocchi	Soloway	Duboin
-	-	Pass	1 ♠
Pass	2 ♣ *	Pass	2 ♥
Pass	2 ♠	Pass	3 ♦
Pass	3 ♥	Pass	3 ♠
Pass	4 ♦	Pass	4 ♥
Pass	4 ♠	Pass	5 ♣
Pass	5 ♦	Dobl	Pass
Pass	RD	Pass	5 ♥
Pass	6 ♠	Dobl	RD ///

Ekki er gott að segja hvað allar þessar sagnir þýða, en Soloway ætlaði ekki að missa af neinu og doblaði slemmuna, vitandi af slæmri legu. Og Duboin redoblaði.

Nú var mikið í húfi. Hamman kom út með tígultíu, sem Duboin tók með ás og spilaði hjarta upp á ás og meira hjarta. Hamman átti þann slag á gosann og spilaði eldsnöggt ♥K um hæl. Sem Duboin trompaði með gosa og lagði svo niður spaðaás. Einn niður og 12 IMPar út í staðinn fyrir 16 inn!

Það er deginum ljósara að Duboin gat unnið slemmuna á ýmsan máta, til dæmis með því að taka einu sinni tromp áður en hann fór í hjartað. Eða spila fyrst hjarta á ás, spaða á blindan og hjarta úr borði. En hann virðist hafa verið hræddur við 4-1 legu í hjarta. Segjum að austur hafi byrjað með þrjú tromp og eitt hjarta. Ef sagnhafi spilar einu sinni spaða, svo hjartaás og hjarta, getur austur trompað og trompað út. Þá fær vestur slag á hjarta. Svo kannski var sagnhafa vorkunn.

*Spil 90*

NORÐUR		
♠	G5	
♥	8632	N/AV
♦	ÁK976	
♣	D9	
VESTUR		AUSTUR
♠	K10	♠ 832
♥	ÁK10	♥ G97
♦	82	♦ D10543
♣	ÁG10863	♣ K5
SUDUR		
♠	ÁD9764	
♥	D54	
♦	G	
♣	742	

*Opinn salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Rodwell	Lauria	Meckstroth
-	1 G *	Pass	2 ♠
3 ♣	Pass	Pass	3 ♠ ///

\* 9-12

Þrjú spaðar fóru hratt og örugglega tvo niður, en í opna salnum var meira undir. Þar spilaði Hamman 3G:

*Lokaður salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hamman	Bocchi	Soloway	Duboin
-	Pass	Pass	2 ♠
2 G	Pass	3 G ///	

Útspilið var smár tígull og Hamman hitti á að stinga upp drottningu blinds! Hann tók

svo á ♣K og svínaði gosanum. Bocchi átti slaginn, tók ♦ÁK og neyddi Hamman til að henda ♥10 heima. Bocchi spilaði sér síðan út á hjarta og vörninn fékk tvo síðustu slagina á spaða: einn niður.

Hamman var ekki ánægður, enda hafði hann klúðrað spilinu eftir góða byrjun. Ef hann geymir laufkónginn og spilar litlu á gosann, kemur upp allt önnur staða. Nú getur norður ekki tekið ÁK í tígli, því þá friast níundi slagurinn á tíu blinds. Norður gerir sennilega best í því að taka einn tígulslag og spila laufi, en sagnhafi notar innkomuna til að spila spaða á kónginn (eða svína fyrir ♥D). Sjaldgæft klúður hjá Hamman.

*Úrslit sjöttu lotu*

		<i>Staðan</i>
Bandaríkin	46 IMP	242 IMP
Ítalía	34 IMP	205 IMP

*Sjöunda lota*

*Opinn salur: Lauria/Versace - Meckstroth/Rodwell*  
*Lokaður salur: Hamman/Soloway - Bocchi/Duboin*

Bandaríkjamenn bættu 12 stigum við forystu sína í sjöttu lotunni og áttu nú 37 eyðslustig inni á impabókinni. Þeim gekk allt í haginn í byrjun sjöundu lotu og komust í 64 stiga forystu þegar lotan var hálfnuð. Munaði þar mestu um harða slemmu sem Bocchi og Duboin sögðu, en tapaðist. En Ítalir voru síður en svo hettir. Þeir náðu 36 stigum til baka í síðustu spilinum og unnu lotuna með 9 impa mun. Viðsýningurinn hófst á þessu spili:

*Spil 106*

NORÐUR		
♠	G943	
♥	Á1093	A/Allir
♦	10	
♣	ÁD74	
VESTUR		AUSTUR
♠	K6	♠ D108
♥	K7	♥ D52
♦	Á962	♦ KDG743
♣	K8653	♣ 10
SUDUR		
♠	Á752	
♥	G864	
♦	85	
♣	G92	

*Opinn salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rodwell	Lauria	Meckstroth	Versace
-	-	1 ♦	Pass
3 G ///			

*Lokaður salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Duboin	Hamman	Bocchi	Soloway
-	-	Pass	Pass
1 ♣	Pass	1 ♠ *	Pass
1 G	Pass	2 ♣	Pass
2 ♦	Dobl	2 ♥	Pass
3 ♦ ///			

\* tígull

Þótt 3G eigi með réttu að tapast er oft erfitt að verjast í slíkum spilum. Ein leið til að gefa 3G væri spaði út upp á ás og meiri spaði (suður verður að spila ♣G í þeirri stöðu). En Lauria kom ekki út með spaða. Hann valdi ♣Á! Versace átti G9x og lét gosann á tíu blinds til að sýna níuna. Lauria spilaði þá litlu laufi og bjó til gaffal með ♣D7. Þegar Versace komst inn á ♠Á spilaði hann laufi í gegnum 86 og vörmin náði þannig í 5 slagi.

Á hinu borðinu fékk Duboin tvo yfirlagi í 3♦. Út kom spaði upp á ás og meiri spaði. Duboin læddi litlu hjarta framhjá ásnum og henti síðan ♥K í ♠D: 150 og 6 stig til Ítala.

Síðasta spil lotunnar var hrein ítölsk snilld:

<i>Spil 112</i>		NORÐUR	
	♠	ÁG10	
	♥	75	V/AV
	♦	ÁKG102	
	♣	853	
VESTUR		AUSTUR	
	♠	74	♠ D98532
	♥	D10632	♥ K984
	♦	765	♦ -
	♣	KG2	♣ ÁD10
		SUÐUR	
	♠	K6	
	♥	ÁG	
	♦	D9843	
	♣	9764	

*Opinn salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rodwell	Lauria	Meckstroth	Versace
Pass	1 ♦	1 ♠	3 ♣ *
Pass	3 G ///		

\* "fit-showing" og áskorun

*Lokaður salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Duboin	Hamman	Bocchi	Soloway
Pass	1 ♦	1 ♠	3 ♦
Pass	Pass	Dobl	Pass
4 ♥ ///			

Bæði geimin standa á borðinu! Lauria fékk út hjarta gegn 3G og tók níunda slaginn með því að svína fyrir spaðadrottningu austurs. Eina hættan í 4♥ er að gefa tvo slagi á tromp, en Duboin spilaði fyrst hjarta á kónginn og vann sitt spil: 14 stig til Ítala og nú var munurinn aðeins 28 impar. Og 16 spilum ólokið.

<i>Úrslit sjöundu lotu</i>		<i>Staðan</i>
Bandaríkin	29 IMP	271 IMP
Ítalía	38 IMP	243 IMP

*Attunda lota*

*Opinn salur: Lauria/Versace - Hamman/Soloway*  
*Lokaður salur: Meckstroth/Rodwell - Bocchi/Duboin*

*Og hvílik spil! Greinarhöfundur var í hópi fimm þúsund áhugamanna sem fylgdust með beinni útsendingu leiksins á vefnum Bridgebase.com. Þetta var sálfræðileg hrollvekja af bestu gerð og maður fann titringinn í tölvunni, jafnvel strax í fyrsta spili, sem var steindauður bútur þar sem Lauria/Versace teygðu sig hættulega langt í óraunhæfri geimleit. Slík var löngunin í sveiflu. Þeir sluppu fyrir horn í 4-3 fittinu þegar allir litir féllu 3-3 og unnu 1 impa. En í öðru spili fór blóðið að renna svo um munaði:*

<i>Spil 114</i>		NORÐUR	
	♠	K94	
	♥	K94	A/NS
	♦	G98	
	♣	G943	
VESTUR		AUSTUR	
	♠	D	♠ ÁG10876
	♥	Á3	♥ 1087
	♦	K1075	♦ ÁD6
	♣	Á108765	♣ K
		SUÐUR	
	♠	532	
	♥	DG652	
	♦	432	
	♣	D2	

*Opinn salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hamman	Lauria	Soloway	Versace
-	-	1 ♠	Pass
2 ♣	Pass	2 ♠	Pass
2 G	Pass	3 ♣	Pass
3 ♦	Pass	3 G	Pass
4 ♣	Pass	4 ♦	Pass
4 G	Pass	5 ♥	Dobl
6 ♣ ///			

*Tveir-yfir-einum* er krafa í geim hjá Hamman og Soloway nema þegar svarhönd endursegir litinn sinn. Þess vegna meldar Hamman 2G við 2♠ til að lýsa yfir geimstyrk og hlera eftir laufstuðningi. Það er sennilega skýringin á því að Soloway tekur undir laufið með kónginn blankan. Hann veit sem er að makker á oft góðan og langan laufit eftir þessa byrjun og trompkóngurinn og tveir ásar til hliðar eru ágætis innlegg í hugsanlega slemmu.

Spil blinds voru Hamman nokkur vonbrigði, en hann gerði sitt besta. Lauria kom út með hjarta, sem Hamman tók og svínaði strax spaðadrottningu. Hann fór inn í borð á ♣K og henti hjarta í ♠Á, en Lauria lúrdi með G9xx í trompi og fékk þar tvo slagi. Einn niður.

*Lokaður salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Duboin	Rodwell	Bocchi	Meckstroth
-	-	1 ♠	Pass
2 ♣ *	Pass	2 ♦	Pass
2 ♥	Pass	2 G	Pass
3 ♣	Pass	4 ♣	Pass
4 ♦	Pass	4 ♠ ///	

Duboin fer spurnarleiðina og kemst að því í tæka tíð að slemma er vondur kostur. Bocchi fékk 11 slagi, 450, og Ítalir 11 impa.

Ítalir höfðu skorað tólf impa í fyrstu tveimur spilunum og munurinn var nú 16 stig. Næsta spil féll, síðan unnu Bandaríkjamenn 1 impa fyrir yfirlagi í búti, og svo kom þetta - annað slemmuklúður Hammans og Soloways:

<i>Spil 117</i>		NORÐUR	
	♠	G1087	
	♥	54	N/NS
	♦	53	
	♣	G8432	
VESTUR		AUSTUR	
	♠	96	♠ ÁK52
	♥	KD1096	♥ ÁG873
	♦	KD97	♦ ÁG6
	♣	106	♣ K
		SUÐUR	
	♠	D43	
	♥	2	
	♦	10842	
	♣	ÁD975	

*Opinn salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hamman	Lauria	Soloway	Versace
-	Pass	1 ♣ *	Pass
1 ♥ *	Pass	2 ♥	Pass
3 ♥	Pass	3 ♠	Pass
4 ♦	Pass	4 ♥ ///	

Laufið er sterkt og svar Hammans á hjarta gervisögn, sem sýnir minnst 8 HP og jafna skiptingu, eða allt eftir ekkert einspil og engan sexlit. Soloway meldaði þá hjartað eðlilega og Hamman studdi litinn. Síðan koma tvær fyrirstöðusagnir, 3♠ og 4♦. Nú sér Soloway að vörmin á slag á laufás og ákveður í því ljósi að fara rólega í sakirnar og slá af í 4♥. Vestur á kannski fyrir framhaldi, en "fimmta þrepið" er ekki í miklu eftirlæti hjá Hamman, eins og menn vita, og hann valdi að passa.

Lauria spilaði út spaðagosa og skömmu eftir að blindur kom upp birtust skilaboð frá skýrandanum í opna salnum á spjallrás Bridgebase.com: "Hamman virðist brugðið." Og full ástæða til, því hann vissi að slemma yrði sögð á hinu borðinu og nú hlaut leikurinn að vera í járnnum.

*Lokaður salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Duboin	Rodwell	Bocchi	Meckstroth
-	-	1 ♥	Pass
2 G *	Pass	3 ♣	Pass
3 G	Pass	4 ♣	Pass
4 ♦	Pass	4 G	Pass
5 ♣	Pass	5 ♦	Pass
6 ♦	Pass	6 ♥ ///	

Hamman hafði rétt fyrir sér, Bocchi og Duboin renndu sér í slemmuna og Ítalir unnu 11 impa. Forysta Bandaríkjamanna hafði nú dalað í 6 impa og allt gat gerst. Það vissu áhorfendur um allan heim og líka spilararnir við borðið í Monte Carlo, sem voru greinilega á pikkandi nálum.

Bandaríkjamenn bættu stöðu sína í næstu tveimur spilum, unnu 5 og 1 impa og áttu 12 stig í sjóði þegar Hamman og Soloway færðu sönnur á gamla frasann að lengi getur vont versnað:

<i>Spil 120</i>		NORÐUR	
	♠ K74		
	♥ G874	V/Enginn	
	♦ ÁG965		
	♣ D		
VESTUR		AUSTUR	
♠ 105		♠ Á6	
♥ Á96		♥ KD32	
♦ 107		♦ D32	
♣ ÁG9732		♣ K1065	
	SUÐUR		
	♠ DG9832		
	♥ 105		
	♦ K84		
	♣ 84		

Í lokaða salnum keyptu Bocchi og Duboin samninginn í 3G:

<i>Lokaður salur</i>			
<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
Duboin	Rodwell	Bocchi	Meckstroth
Pass	1 ♦	Pass	1 ♠
2 ♣	Dobl *	RD	2 ♠
Dobl *	Pass	3 G ///	

Rodwell vekur kerfisbundið á einum tígli með hundana í norður, enda stillinn að opna létt. En Ítalirnir komast inn í sagnir og eftir nokkrar stimpingar á lægri nótonum lýkur Bocchi sögnum með stökki í 3G. Út kom spaði og Bocchi tók sína upplögðu tíu slagi: 430.

Í opna salnum passaði Lauria í norður og Soloway vakti á 14-16 punkta grandí. Og þá setti Versace strik í reikninginn með fislétrí innákomu:

<i>Opinn salur</i>			
<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
Hamman	Lauria	Soloway	Versace
Pass	Pass	1 G	2 ♦ *
3 G	4 ♥ *	Pass	4 ♠
Pass	Pass	Dobl ///	

Innákoma Versace á 2♦ sýndi sex-spíla hálit, og með stuðning við báða litina ákvað Lauria að "fórna" yfir 3G. Fjórir spaðar hefðu með réttu átt að vera förn, því AV eiga fjóra toppslagi. En það var eins og Soloway væri alveg heillum horfinn. Hamman kom út með tromp og Soloway drap strax á ásinn og trompaði aftur út?!

Versace þurfti ekki frekari hjálp. Hann taldi líklegt að tígludrottningin væri í austur, en varla önnur, því það er ekki til síðs að vekja á grandí með tvo tvíliti. Hann fór því af stað með tígulgosann og lét hann rúlla hringinn! Þegar gosinn hélt, var tíglinn frír og 11 slagir í húsi: 690 og 15 impar til Ítala, sem nú voru komnir yfir 3 stigum yfir í leiknum.

Ítalir unnu 2 impa í næsta spili, þarnaesta féll, en svo var komið að Bandaríkjamönnum:

<i>Spil 123</i>		NORÐUR	
	♠ Á97		
	♥ 98	S/Enginn	
	♦ K743		
	♣ K1097		
VESTUR		AUSTUR	
♠ 63		♠ KDG842	
♥ G1054		♥ 76	
♦ Á62		♦ G8	
♣ DG86		♣ Á52	
	SUÐUR		
	♠ 105		
	♥ ÁKD32		
	♦ D1095		
	♣ 43		

Sömu sagnir á báðum borðum:

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
Hamman	Lauria	Soloway	Versace
Duboin	Rodwell	Bocchi	Meckstroth
-	-	-	1 ♥
Pass	1 G	2 ♠	Pass
Pass	Dobl	Pass	3 ♦ ///

Útspilið var spaði og báðir sagnhafar gáfu fyrsta slaginn. Aftur kom spaði, drepinn með ás og tígli spilað úr borði. Hér skildu leiðir. Meckstroth svínaði tíunni. Duboin dúkkaði, en tók næsta tígul og spilaði þeim þriðja. Meckstroth gat nú frispilað hjartað og gaf aðeins tvo slagi á lauf í viðbót: 110.

Versace ákvað að stinga upp ♦D og Hamman dúkkaði leiftursnöggt. Sem er góð vörn, því nú er eðlilegt að staðsetja tígulásinn í austur. Versace lét trompið bíða, spilaði ♥ÁKD og henti spaða úr borði. Soloway trompaði þriðja hjartað með ♦G og átti út í þessari stöðu:

NORÐUR		
	♠ -	
	♥ -	
	♦ K74	
	♣ K1097	
VESTUR		AUSTUR
♠ -		♠ D842
♥ G		♥ -
♦ Á6		♦ -
♣ DG86		♣ Á52
	SUÐUR	
	♠ -	
	♥ 32	
	♦ 1095	
	♣ 43	

Hann spilaði spaða í tvöfalda eyðu, frekar en laufi frá ásnum. Nú má vinna spilið með því að henda laufi heima og trompa í borði. Spíla svo ♣K og opna samgang fyrir víxltrompun. En Versace sá ekki þennan möguleika og trompaði heima og hlaut þá að gefa tvo slagi á lauf. Einn niður, og 4 impar til Bandaríkjamanna. Munurinn nú: *einn impi* og fimm spil eftir. Þetta yrði hrein vítaspymukeppni.

<i>Spil 124</i>		NORÐUR	
	♠ G10942		
	♥ 653	V/NS	
	♦ ÁDG8		
	♣ 5		
VESTUR		AUSTUR	
♠ Á73		♠ K85	
♥ 2		♥ D10987	
♦ 742		♦ K109	
♣ ÁKDG107		♣ 82	
	SUÐUR		
	♠ D6		
	♥ ÁKG4		
	♦ 653		
	♣ 9643		

AV eiga engin ósköp af punktum, en 3G eru engu að síður á borðinu. Bocchi og Duboin náðu geiminu þannig:

<i>Lokaður salur</i>			
<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
Duboin	Rodwell	Bocchi	Meckstroth
1 ♣	1 ♠	Dobl	RD
3 ♣	Pass	3 G ///	

Vel gert. Útspilið var ♥Á og tígull til baka og á þeim punkti lagði Bocchi upp: 9 slagir og 400 til Ítala.

Hamman og Soloway sögðu líka 3G á hinu borðinu, en það var ekki síðasta sögnin!

<i>Opinn salur</i>			
<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
Hamman	Lauria	Soloway	Versace
2 ♣	2 ♠	3 ♣	Dobl
3 ♠ *	Pass	3 G	Dobl
4 ♣ ///			

Hamman vekur á 2♣ (Precision) og Lauria tuddast inn á 2♠, þrátt fyrir rýran kost í punktum. Það verður til þess að Versace doblar Hamman á endanum í 3G. Hamman er raunsær spilari og enginn spennufíkill og flúði því 4♣. Þegar sú sögn kom yfir til Versace í suður hugsaði hann sig lengi um áður en hann passaði. Kannski var hann að íhuga dobl, eða jafnvel að segja fjóra spaða. Hinum ítölsku áhorfendum á Bridesbase.com var létt þegar Versace loks passaði og skýrendur bókuðu Ítölum 10 impa fyrir spilið, því 4♣ eiga að fara einn niður. En Versace missteig sig í vörninni. Út kom spaði, sem Hamman drap heima og tók þrisvar tromp. Spilaði svo hjarta á tíu blinds og gosa Versace. Spaði kom til baka, drepinn í borði, ♥D spilað og nú dúkkaði Versace?! Hamman henti tígli og fékk þannig 10 slagi: 130 og "aðeins" 7 impar til Ítala, sem höfðu nú 8 stiga forskot.

Fjórða síðasta spilið féll í 3♥ og fjórum unnum. Spilið var á hættunni og bæði þór grétu glatað geim. En það var ekki síðasta tækifærið í leiknum.

Ekki aldeilis!



*Spil 126*

NORÐUR	♠ DG10754	
	♥ KG94	A/Enginn
	♦ ÁK6	
	♣ -	
VESTUR		AUSTUR
♠ ÁK983		♠ -
♥ -		♥ 107532
♦ D84		♦ 973
♣ ÁKD103		♣ 96542
	SUÐUR	
	♠ 62	
	♥ ÁD86	
	♦ G1052	
	♣ G87	

Ekki þarf að skoða þessa gjöf lengi til að sjá að hættur leynast við hvert fótmál. Meckstroth og Rodwell höfðu spilað hvert einasta spil úrslitaleiksins og það hlaut að koma að því að þeir lentu í ógöngum:

*Lokaður salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Duboin	Rodwell	Bocchi	Meckstroth
-	-	Pass	Pass
1 ♠	Pass	Pass	Dobl
RD	2 ♠	Pass	3 ♦
4 ♣	4 ♥	5 ♣	Pass
Pass	5 ♦	Pass	Pass
Dobl ///			

Duboin hóf sagnir á 1♠ og sú sögn gekk til suðurs. Meckstroth kreisti fram úttektardobl og Duboin redoblaði til að sýna hámarksstyrk. Tveggja spaða sögn Rodwells kemur spánkt fyrir sjónir, en varla er sögnin eðlileg þegar vestur hefur lofað fimmlit. Alla vega virðist Meckstorth hafa tekið 2♠ sem kröfusögn, því hann hrökklast í fjórlit í tigli. Þá kemur Duboin upp úr gryfjunni með 4♣ og nú teflir Rodwell fram hjartalitnum. Augljóslega er einhver misskilningur í gangi, því Meckstroth hefði varla passað 5♦ doblaða ef hann hefði buist við fjórlit hjá makker í hjarta. 5♦ fóru þrjá niður: 500 í AV.

Vikur þá sögunni í opna salinn, þar sem ekki var minni ævintýrabragur á sögnum:

*Opinn salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hamman	Lauria	Soloway	Versace
-	-	Pass	Pass
1 ♣ *	1 ♠	Pass	Pass
2 ♣	Dobl	5 ♣	Dobl
Pass	5 ♥	Pass	Pass
6 ♣	Dobl ///		

Byrjunin er róleg: Hamman vekur á sterku laufi og Lauria kemur inn á einum spaða. Pass til Hammans, sem melder nú laufflitinn. Lauria doblar til úttekta til að sýna góð spil og móttöku í hinum litunum. Og þá byrjar ballið fyrir alvöru. Soloway hoppar í 5♣, sem Versace doblar, væntanlega til sektar. En Lauria taldi vist að einhvers staðar væri fitt og sagði 5♥! Það vekur furðu að Soloway skyldi ekki dobla, en hugsanlega var hann hræddur um að NS færu í 5♠. Sem ætti þó að vera ástæðulaus ótti miðað við fyrri sagnir og hið dauflega pass Soloways verður til

þess að Hamman freistar gæfunnar í 6♣. Sá samningur fór tvo niður, 300-kall til viðbótar í ítalska plúsdálkinn og 13 impar. Tvö spil eftir og staðan: Ítalía 303, Bandaríkin 282. Munur upp á 21 impa. "Þetta er búíð," sögðu spekingarnir á Bridgebase.com og óskuðu ítölskum áhorfendum til hamingju með sína menn. En það var of snemmt:

*Spil 127*

NORÐUR	♠ 765	
	♥ 7	S/NS
	♦ Á9652	
	♣ 8632	
VESTUR		AUSTUR
♠ D8432		♠ ÁG
♥ -		♥ ÁKG109652
♦ KD103		♦ G8
♣ ÁD104		♣ 7
	SUÐUR	
	♠ K109	
	♥ D843	
	♦ 74	
	♣ KG95	

Spilið er slysgildra fyrir AV, því ekki má fara upp fyrir 4♥. En eftir opnun vesturs á 1♠ verður erfitt fyrir austur að stilla sig. Og það reyndist Bocchi um megn:

*Lokaður salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Duboin	Rodwell	Bocchi	Meckstroth
-	-	-	Pass
1 ♠	Pass	2 ♦ *	Pass
2 ♥ *	Pass	2 ♠	Pass
3 ♣	Pass	3 ♦	Pass
3 G	Pass	5 ♥ ///	

Svarið á 2♦ var yfirfærsla í hjarta, óháð styrk. Duboin hlýddi með eyðuna og Bocchi krafði með 2♠. Næstu sagir eru illskiljanlegar, en svo virðist sem Bocchi sé að pumpa makker með 3♦. En Duboin neitar staðfastlega að styðja hjatað (skiljanlega) og Boccki gerir þá lokatilraun við slemmu með stökki í 5♥.

Í sjálfu sér er það nokkurt afrek að stansa undir slemmu, en legan var sagnhafa afar óhagstæð og Duboin fór einn niður á fimm. Rodwell hóf vörnina með ♦Á og meiri tigli. Duboin var lét gosa blinds eiga slaginn, tók ♥ÁK og spilaði gosanum. Meckstroth drap með drottningu og spilaði laufi. Síðasti séns. Til að vinna spilið þarf að svína ♣D og henda spaða í ásinn, en Duboin tók með ás og henti ♠G í hátigul. Og þá trompaði Meckstroth.

*Opinn salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hamman	Lauria	Soloway	Versace
-	-	-	Pass
1 ♠	Pass	3 ♦ *	Pass
3 G	Pass	4 ♥ ///	

Loksins uppskar Soloway fyrir varfærna. Stökk hans í 3♦ sýndi sterk spil með hjarta (yfirfærsla), og þegar Hamman lét sér fátt um finnast og sagði 3G, sagði Soloway blátt áfram 4♥. Hann fékk 10 slagi, eins og Duboin, og Bandaríkjamenn 10 impa. Munurinn 11 impar og eitt spil eftir.

*Spil 128*

NORÐUR	♠ 2	
	♥ ÁG93	V/AV
	♦ KD109865	
	♣ 5	
VESTUR		AUSTUR
♠ G10		♠ Á6543
♥ 542		♥ KD1086
♦ Á7		♦ 42
♣ K107642		♣ Á
	SUÐUR	
	♠ KD987	
	♥ 7	
	♦ G3	
	♣ DG983	

Í sömu andrá og síðasta spilið birtist á tölvuskjánum á Bridgebase.com bárust fréttir úr lokaða salnum, þar sem keppendur höfðu lokið spilamennsku. Bocchi og Duboin höfðu farið full geist og endað í 4♥ í AV, fjóra niður, og greitt fyrir það 400-kall. Sem þýddi bara eitt: Bandaríkjamenn áttu möguleika á tveggja stafa sveiflu og sigri í leiknum. Danilo deFalco var inni á spjallrásinni og honum varð tíðrætt um carry-over stiginn, sem virtust enn eina ferðina ætla að leika Ítali grátt.

*Lokaður salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Duboin	Rodwell	Bocchi	Meckstroth
Pass	1 ♦	2 ♦ *	Pass
2 ♥	3 ♦	Pass	Pass
3 ♥	Pass	4 ♥ ///	

\* hálitir

Töluglökkir spjallarar voru fljótir að reikna út möguleikana: Fengju Lauria og Versace plús út úr spilinu eða gæfu ekki út meira en 50 væri Bermudaskálin í þeirra höndum. Fengju Bandaríkjamenn 100 eða 150 (fyrir 2-3 niður ódöblaða), væri leikurinn jafn upp á impa og þá yrðu spiluð 8 aukaspil um tiltilinn. En 200 eða meira myndi færa Bandaríkjamönnum heimsmeistaratilinn. Allt þetta lá ljóst fyrir þegar sagnir hófust í opna salnum.

Sagnir fóru eins af stað: opnun á tigli og 2♦ inná til að sýna hálitina. En nú kom frávik - Versace doblaði, væntanlega til að sýna einhvern slæðing af punktum og varnarstyrk gegn öðrum hálitnum:

*Opinn salur*

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hamman	Lauria	Soloway	Versace
Pass	1 ♦	2 ♦ *	Dobl
2 ♥	3 ♦	Pass	Pass
3 ♥	5 ♦	Dobl ///	

Hamman sagði tvö hjörtu og Lauria lét þrjá tígla duga. Sem er ekki mikil sögn, en kannski var hann að sverma fyrir 3G. Ekki þarf að spyrja að leikslokum ef Hamman hefði passað þrjá tígla, en hann átti fyrir einu pístu til og barðist í þrjú hjörtu. Lauria sá þá fyrir sér einspil í hjarta hjá makker og lét vaða í geim!!!!

Mama mia! mama mia! Gat þetta verið satt? Netverjar trúðu vart sínum eigin augum og spjallrásin hafði breyst í röð af upphrópunarmerkjum. "En bíðum við," skrifaði einhver. "Getur hann sloppið einn niður?" "Nei, það er útilokað," sagði tölvugúrúinn Fred Gitelman, sem var við lykklaborðið. Og undir það tóku margir. En sögunni endalausur var alls ekki lokið.

Soloway kom út með ♣Á og skipti svo yfir í ♥D. Lauria drap og spilaði strax ♥G - drottning og trompað. Hann spilaði laufi og stakk hátt heima og trompaði aftur hjarta. Hugmyndin var að fella tíuna þriðju hjá Hamman, en það gekk ekki eftir og nú virtist blasa við að spilið færi tvo niður.

En nú er þess að geta að Versace hafði beðið um leyfi til að yfirgefa borðið þegar sögnun var lokið og Lauria sá því sjálfur um að tína spilin úr blindum. Hann teygði sig í spaðakónginn, gosinn frá Hamman og Soloway drap með ás. Nú áttu áhorfendur von á því að Soloway tæki á hjartatína og tryggði Bandaríkjamönnum titilinn, en öllum á óvart spilaði hann strax spaða um hæl?!

Lauria bjóst greinilega líka við hjartatíunni, því hann greip smáan spaða úr borðinu (spaðasjóna), en áttaði sig í sömu mund og Hamman fylgdi lit með tíunni. Lauria vildi beyta um spil, en Hamman léði ekki máls á því og keppnisstjóri var kvaddur að borðinu.

"Lauria er æfur," sagði skýrandinn í salnum. "Hann er staðinn upp og það út öllum öngum. Það er allt á suðupunkti hér og keppnisstjórnarnir koma hver af öðrum."

Biðin eftir úrskurði keppnisstjóra var ekki löng. Vitnað var til viðeigandi lagagreina (45B og 45C3), og úrskurður kveðinn upp: Tveir niður, 300 til Bandaríkjana, 12 impar og heimsmeistaratitillinn. Óvenju mikið í húfi fyrir einn úrskurð, en lögbókin er skýr. Í grein 45C3 segir: "Spila verður spili úr borðinu sem sagnhafi hefur snert af ásettu ráði, nema í þeim tilgangi að hagræða spilum blinds..." Sama reglan og í skákinni: Snertur maður hreyfður. Ítalir áfrýjuðu, en dómnefnd staðfesti úrskurð keppnisstjóra, enda ekki um það deilt að Lauria tók upp spaðasjóna í þeim í tilgangi að spila henni. Úrslit leiksins voru loks endanlega ráðin: 304-303.



Þreyttir og glaðir í mótslok: Nickell, Soloway, Rodwell og Freeman.

-GPA

LOTUR	c/o	1	2	3	4	5	6	7	8	ALLS
Bandaríkin	13	32	14	20	77	40	46	29	33	304
Ítalía	-	43	45	21	31	31	34	38	60	303

## Íslandsmeistararar í "sérflokkum"



Á haustveitidönninni fóru að vanda fram Íslandsmót í nokkrum "sérflokkum". Íslandsmót kvenna í trimennungi unnu þær Guðrún K. Jóhannsdóttir og Kristjana Steingrimsdóttir.

Arnar Geir Hinnriksson og Þórir Sigurðsson unnu Íslandsmót eldri



spilara, og í flokki ungmenna unnu Óttar Ingi Oddsson



og Arnar Þór Arnarson.

Hið vinsæla Íslandsmót í parasveita-keppni fór fram í nóvemberlok með þátttöku 20 sveita og þar sigraði sveit Ljósbrár Baldursdóttur, en með henni spilaðu Matthías G. Þorvaldsson, Dröfn Guðmundsdóttir og Ásgeir Ásljónsson.



## Spil austurs

**Spil 1** ♠ Á10954  
A/NS ♥ K6  
♦ K5  
♣ KDG2

**Spil 2** ♠ 763  
V/Allir ♥ KDG7  
♦ ÁK972  
♣ Á

**Spil 3** ♠ ÁK1063  
A/AV ♥ 74  
♦ Á85  
♣ ÁK6

**Spil 4** ♠ ÁG1064  
A/NS ♥ K74  
♦ Á72  
♣ Á10

**Spil 5** ♠ 82  
V/Enginn ♥ 6  
♦ G9543  
♣ ÁKDG7

**Spil 6** ♠ K962  
V/Enginn ♥ 5  
♦ KD6  
♣ ÁKD73

**Spil 7** ♠ G2  
A/AV ♥ K  
♦ ÁD10942  
♣ KD103

**Spil 8** ♠ Á842  
A/AV ♥ ÁG  
♦ 5  
♣ ÁK10873

**Spil 9** ♠ ÁD6  
A/Enginn ♥ KD104  
♦ G1062  
♣ D10

**Spil 10** ♠ Á  
A/Allir ♥ ÁKD4  
♦ Á73  
♣ ÁKG103

